

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 2. október 2020.

Mál nr. 190/2019:

Íslenska ríkið

(Edda Björk Andradóttir lögmaður,
Andri Andrason lögmaður, 2. prófmál)

gegn

Sjálfseignarstofnuninni Grímstunguheiði/Haukagilsheiði og Sjálfseignastofnuninni Auðkúluheiði

(Sigurður Jónsson lögmaður)

og gagnsök

Lykilorð

Eignarréttur. Afréttur. Fasteign. Þjóðlenda. Hefð. Gjafsókn.

Útdráttur

SGH og SA höfðuðu mál gegn Í og kröfðust þess að fellt yrði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um að landsvæðið Forsæludalskvíslar væri þjóðlenda með nánar tilgreindum merkjum, en í afréttareign SGH og SA. Reistu SGH og SA kröfu sína á því að landið væri háð beinum eignarrétti þeirra. Héraðsdómur sýknaði Í af aðal- og varakröfu SGH og SA en tók til greina aðra varakröfu þeirra sem byggðist á því að hluti landsvæðisins með tilgreindum merkjum hefði verið útmældur til þess að tilheyra nýbýlinu Réttarhóli. Í dómi Landsréttar var vísað til þess að ekki yrði ráðið af Landnámu hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði hefði náð. Lýsingar í sögulegum heimildum gæfu sterkar vísbendingar um að menn hafi ekki talið að allt svæðið væri háð einkaeignarrétti eigenda jarðanna Forsæludals og Þórormstungu. Tvær lögfestur frá 1806 og 1809 um merki jarðanna sem einnig tóku til merkja Forsæludalskvísla og skráning merkja jarðanna í landamerkjaskrá árið 1890 voru ekki taldar sanna beinan eignarrétt eigenda jarðanna. Þá taldi Landsréttur að staðhættir, gróðurfar og fjarlægð svæðisins frá byggð styddu ekki að allt svæðið hefði verið undirorpið beinum eignarrétti frá öndverðu. Benti rétturinn á að utan búsetu Björns Eysteinsonar á Réttarhóli í Forsæludalskvíslum á árunum 1886-1890 væri ekki að finna neinar sögulegar heimildir um að búið hefði verið í Forsæludalskvíslum eða að landsvæðið hafi verið nýtt til almennra búsnytja frá heimalöndum jarðanna. Staðfesti Landsréttur niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um að sýkna Í af aðal- og varakröfu SGH og SA. Landsréttur rakti ítarlega heimildir um stofnun Björns á nýbýli að Réttarhóli á grundvelli þágildandi tilskipunar 15. apríl 1776 „um friðheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbyggð pláz á Íslandi“. Rétturinn tók fram að í málinu væri ekki að finna nein gögn um að „fórréttingu“ hefði verið lýst á þingi svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. tilskipunarinnar. Í greininni væri þess ekki getið hver ætti að annast lýsingu á „fórréttingunni“ og ekki væri sérstaklega kveðið á um að

byggingarbréfi skyldi þinglýst. Fyrir lægi að „forréttingin“ hefði verið á höndum sýslumanns auk þess sem hann og amtmaður hefðu báðir haft undir höndum byggingarbréfið og þeim því fullkunnugt um stofnun nýbýlisins að Réttarhóli. Hafnaði Landsréttur því að vanhöld á þinglýsingu hefðu leitt til þess að ekki hefði stofnast til einkaeignarréttar Björns á því landi sem önnur varakrafa SGH og SA tók til. Þar sem SGH og SA leiddu rétt sinn af réttindum Björns var staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um aðra varakröfu þeirra. Var hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Davíð Þór Björgvinsson, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 13. mars 2019. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 14. febrúar 2019 í málinu nr. E-29/2015.
- 2 Aðaláfrýjandi krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefst hann aðallega málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti en til vara að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.
- 3 Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til Landsréttar fyrir sitt leyti 10. maí 2019. Í aðalsök krefjast gagnáfrýjendur sýknu af kröfum aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjendur krefjast þess aðallega í gagnsök að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar frá 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013, Húnavatnshreppur, að því leyti er varðar Forsæludalskvíslar, landnúmer 217644, það er eftirtalin úrskurðarorð: „Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Forsæludalskvíslar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Upphafspunktur er í Vatnsdalsá á móts við Svínavatnslækjarós. Þaðan er dregin bein lína austur í há Bótarfelli. Úr Bótarfelli er farið til austur, yfir Eyjavatn, í vörðu austan megin við Mjóavatnslæk. Þaðan er farið suðaustur í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá er Fellakvísl fylgt til upptaka og þaðan er dregin bein lína til suðvesturs í norðurenda Búrfjallahala. Úr Búrfjallahala er farið til norðvesturs í upptök Ströngukvíslar og henni fylgt þar til hún rennur í Vatnsdalsá við Stórákrók og ræður þá Vatnsdalsá í upphafspunkt við Svínavatnslækjarós.“
- 4 Til vara krefjast gagnáfrýjendur þess að ofangreindur úrskurður óbyggðanefndar verði felldur úr gildi, að því er varðar þann hluta af landi Forsæludalskvísla, landnúmer 217644, sem liggur norðan og vestan línu sem dregin er frá upptökum Fellakvíslar austanvert við Öldur beina leið í upptök Ströngukvíslar, og þar með viðurkenndur fullkominn eignarréttur gagnáfrýjenda að landi Forsæludalskvísla norðan ofangreindrar línu.

- 5 Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar án tillits til gjafsóknar sem þeim hefur verið veitt.
- 6 Dómendur fóru á vettvang 21. ágúst 2020 ásamt lögmönnum aðila og fulltrúum gagnáfrýjenda. Vettvangsgangan hófst við Kolkustíflu þaðan sem riðið var að Réttarhóli. Síðan var haldið að Áfangafelli og þaðan ekið suður Kjöl yfir Seyðisá að Hveravöllum og Þjófadölum og lauk vettvangsgöngunni á Fjórðungsöldu.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 7 Samkvæmt ákvæðum laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta ákvað óbyggðanefnd 21. febrúar 2008 að taka til meðferðar tiltekið landsvæði á Norðvesturlandi. Óbyggðanefnd bárust kröfur aðaláfrýjanda 2. júlí 2012, sem vörðuðu allt svæðið, og birti hún þær samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 ásamt því að skora á þá, sem teldu þar til eignarréttinda, að lýsa kröfum sínum. Fjölmargar kröfur og athugasemdir bárust nefndinni og ákvað hún að fjalla um svæðið í fjórum aðskildum málum. Eitt þeirra var mál nr. 2/2013, sem náði til Húnavatnshrepps. Málið tók meðal annars til landsvæðisins Forsæludalskvísla, sem liggur á milli Auðkúluheiðar að austan og Grímstunguheiðar að vestan, sem gagnáfrýjendur kölluðu til eignarréttar yfir en aðaláfrýjandi taldi vera þjóðlendu.
- 8 Í úrskurði óbyggðanefndar í málinu 19. desember 2014 var komist að þeirri niðurstöðu að landsvæðið Forsæludalskvíslar væri þjóðlenda samkvæmt 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 með eftirfarandi mörkum: „Upphafspunktur er í Vatnsdalsá á móts við Svínavatnslækjarós. Þaðan er dregin bein lína austur í há Bótarfell. Úr Bótarfelli er farið til austurs, yfir Eyjavatn, í vörðu austan megin við Mjóavatnslæk. Þaðan er farið suðaustur í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá er Fellakvísl fylgt til upptaka og þaðan er dregin bein lína til suðvesturs í norðurenda Búrfjallahala. Úr Búrfjallahala er farið til norðvesturs í upptök Ströngukvíslar og henni fylgt þar til hún rennur í Vatnsdalsá við Stórákrók og ræður þá Vatnsdalsá í upphafspunkt við Svínavatnslækjarós.“ Í úrskurðinum var jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að sama landsvæði væri í afréttareign gagnáfrýjenda, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum samkvæmt 5. gr. sömu laga, sbr. II. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- 9 Gagnáfrýjendur höfðuðu mál þetta 21. júlí 2015 og er óumdeilt að það hafi verið gert innan þess frests sem um ræðir í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998. Fyrir héraðsdómi kröfðust gagnáfrýjendur þess aðallega að úrskurður óbyggðanefndar yrði felldur úr gildi. Til vara kröfðust þeir þess að úrskurður óbyggðanefndar yrði felldur úr gildi að hluta, að því er varðar þann hluta af landi Forsæludalskvísla, landnúmer 217644, sem liggur norðan og vestan línu sem dregin er frá upptökum Fellakvíslar austanvert við Öldur beina leið í upptök Ströngukvíslar, og þar með viðurkenndur fullkominn eignarréttur gagnáfrýjenda að landi Forsæludalskvísla norðan framangreindrar línu. Með annarri varakröfu kröfðust gagnáfrýjendur þess að nefndur úrskurður

óbyggðanefndar yrði felldur úr gildi að hluta, að því er varðar þann hluta af landi Forsæludalskvísla, landnúmer 217644, sem liggur norðan og austan línu sem dregin er úr Áfangafelli til Stóra steins við Miðkvísl og fylgir síðan Miðkvísl til Vatnsdalsár, og þar með viðurkenndur fullkominn eignarréttur stefnenda að landi Forsæludalskvísla norðan og vestan nefndrar línu. Að því frágengnu kröfðust þeir þess að viðurkennt yrði að þeir ættu einkarétt til beitar, veiða, dýraveiða, hagnýtingar vatnsréttinda og nýtingar á auðlindum í jörðu, án endurgjalds, á öllu því svæði Forsæludalskvísla sem úrskurðað var þjóðlenda. Með hinum áfrýjaða dómi var önnur varakrafa gagnáfrýjenda fyrir héraðsdómi tekin til greina en öðrum kröfum hafnað.

- 10 Í málinu er ekki ágreiningur um mörk hins umdeilda svæðis eða þau mörk sem kröfugerð gagnáfrýjenda byggist á að því marki sem fallist yrði á forsendur kröfugerðarinnar. Þá eru aðilar sammála um þá niðurstöðu óbyggðanefndar að svæðið teljist að minnsta kosti í afréttareign gagnáfrýjenda ef ekki er fallist á kröfur þeirra um beinan eignarrétt.
- 11 Í hinum áfrýjaða dómi er málavöxtum ítarlega lýst og er ekki ágreiningur á milli málsaðila um þá lýsingu. Þá er í dóminum farið ítarlega yfir þær sögulegu heimildir sem óbyggðanefnd hafði tekið saman um svæðið við málsmeðferðina fyrir nefndinni og gögn sem málsaðilar hafa lagt fram í málinu. Í heimildum hefur landsvæðið Forsæludalskvíslar eða hlutar þess einnig verið kallað Dalskvíslarland, Dalskvíslar, Dalsheiði, Dalsbót og Kvíslarland. Elsta heimildin um svæðið er dómur frá árinu 1536 þar sem tekin var fyrir ákæra vegna þess að menn vildu ekki reka lömb á Dalsheiði. Svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi og úrskurði óbyggðanefndar bera sögulegar heimildir með sér að Forsæludalskvíslar hafi almennt verið tilgreindar sem afréttar- eða heiðarland sem tilheyrði jörðinni Forsæludal og síðar einnig Þórormstungu að hluta og hafi verið nýttar til beitar og annarra takmarkaðra nota svo sem grastekju og hrísrifs. Í heimildunum kemur meðal annars fram að nokkrar deilur hafi verið á milli eigenda Forsæludalskvísla og annarra bænda um rétt og skyldu til upprekstrar á heiðina svo og um heimildir til grastekju og hrísrifs. Ekki er að finna í sögulegum heimildum merki um búsetu eða aðrar almennar búsnýttjar í Forsæludalskvíslum ef undan er skilin búseta Björns Eysteinsonar á Réttarhóli í Forsæludalskvíslum á árunum 1886 til 1890 en hann átti áður jarðirnar Forsæludal og Þórormstungu eins og nánar verður rakið hér á eftir. Í hinum áfrýjaða dómi var fallist á aðra varakröfu gagnáfrýjenda á þeim grundvelli að í raun hafi verið stofnað til nýbýlis á Réttarhóli auk þess sem landið væri vel gróið og hefði að öllum líkindum um aldir tilheyrð jörðinni Forsæludal. Væri landið því undirorpið beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd hafði á hinn bóginn talið að vanhöld Björns Eysteinsonar á þinglýsingu byggingarbréfs fyrir nýbýlið að Réttarhóli leiddu til þess að ekki væri unnt að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlastofnunar hefði komið í samræmi við ákvæði tilskipunar „um fríheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbygð pláz á Íslandi“ frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipunin). Samkvæmt því væri ósannað að til

eignarréttar hefði stofnast yfir þeim hluta Forsæludalskvísla sem nýbýlið að Réttarhóli átti að taka til.

- 12 Í úrskurði óbyggðanefndar kemur fram að samkvæmt heimildum hafi þeir Björn Guðmundsson bóndi í Þórormstungu og Brynjólfur Brynjólfsson bóndi í Forsæludal birt auglýsingu í blaðinu Norðra 28. febrúar 1858 sem hljóðaði svo: „Vegna þess að vjer, ráðendur heiðarlandsins Dalskvísla – sem að stærð og gæðum er álitid nægilegt fyrir 8–10 býli – höfum að engu verið sæmdir með borgun fyrir þann afarfjölda sauðfjár og stóðhrossa sem af báðumegin aðliggjandi heiðum hefur yfirtroðið þær –, þá bjóðum vjer nú hverjum sem girnist nýbýli, að koma sem fyrst og semja við oss um byggingu í nefndum Dalskvíslum, sem orðið getur næstum óslitin byggð frá Vatnsdalnum; og til merkis um, að menn ei þurfa að fráfælast þetta, þá gjörum vjer vitanlegt, að 2 dugandismenn hjer í grenndinni sem þekkja landið, hafa þegar tjáð sig mjög viljuga til þessa fyrirtækis“. Hinn 15. september 1858 hafi birst önnur auglýsing sem Brynjólfur skrifar einn undir. Í auglýsingunni sagði: „Áhrærandi auglýsinguna í 6. ári Norðra, bls. 16. um að byggja í heiðarlandinu Dalskvíslum, gjöri jeg þeim vitanlegt, sem hafa sent oss brjefleg eða munnleg orð um vilja sinn í þessu, og jafnframt þeim, sem framvegis kunna að vilja aðhyllast það boðna, að eigendur kjósa heldur að selja landið á leigu með sem aðgengilegustum skilmálum, en að afhenda það til eignar, jafnvel þó jeg eigandi 5/9 hluta þess, tjái mig ekki öldungis óviljugan til þess, móti álitlegri borgun.“
- 13 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi og úrskurði óbyggðanefndar kemur fram í heimildum að Björn Eysteinnsson hafi árið 1882 eignast Forsæludal ásamt 5/9 hlutum Dalskvísla en sá hluti Dalskvíslalands virðist hafa verið seldur með sérstökum gerningi. Skömmu síðar eignaðist Björn einnig þá 4/9 hluta Dalskvísla sem tilheyrðu Þórormstungu. Hinn 8. október 1886 hafi hann auglýst Forsæludal til sölu í blaðinu Þjóðólfi með eftirfarandi hætti: „Jörðin FORSÆLUDALUR í Vatnsdal í Húnavatnssýslu er til sölu, að undanskildu afrjettarlandinu Hvíslum. Kaupandi getur fengið jörðina til ábúðar í næstu fardögum. Hver sem kynni að vilja kaupa jörðina er beðinn að snúa sjer til Björns Eysteinnssonar á Rjettarhól í Dalshvíslum.“ Af auglýsingunni má ráða að Björn hafi á þessum tíma verið fluttur að Réttarhóli.
- 14 Jafnframt kemur fram í hinum áfrýjaða dómi og úrskurði óbyggðanefndar að Björn Eysteinnsson hafi selt Hannesi Þorvarðarsyni jörðina Forsæludal upp í skuldir 12. apríl 1887. Í samningnum segi meðal annars: „[J]eg Hannes Þorvarðarson tek hjer með brjefi þessu á móti jörðinni Forsæludal í Vatnsdal að dýrleika 28 ½ hndr. sem með brjefi af 9. febrúar 1883 hefir staðið í veði til mín mót skuldarupphæð 2958 krónum, eins og hún nú kemur fyrir í næstkomandi fardögum með 2 kúgildum að húsum sem tjeðri jörð fylgdi samkvæmt afsalsbrjefi af 10. apríl 1882. Jörðin Forsæludalur er þannig með brjefi þessu afhent velnefndum Hannesi að fráskildu Hvíslalandi, sem með sjerstöku afsalsbrjefi af 14. janúar 1882 er selt og afhent nefndum Birni Eysteinnssyni, með þeim skilmálum að jeg Björn Eysteinnsson lofa hjermeð að greiða velnefndum Hannesi Þorvarðarsyni 200 (tvö hundruð) krónur sem greiðist að nokru

leyti með fjárhúsum sem standa á jörðunni, eptir óvilhallra manna mati, en það sem ekki þannig greiðist af tjeðri upphæð borgist fyrir árslok 1888. Ennfremur lofa jeg Björn Eysteinnsson að greiða ársrentu 4% af 2958 krónum eða að upphæð 118 (hundrað og átján) krónur í peningum á næstkomandi hausti 1887. Sömuleiðis er hjermeð áskilið að samþykkt að Forsæludalsábúandi hafi framvegis sem hingað til fullan rjett til að reka lömb sín á Hvíslaland fyrir vestan Miðhvísl.“

- 15 Í gögnum málsins kemur fram að Björn Eysteinnsson hafi 12. febrúar 1887 skrifað amtmanni bréf og greint honum frá því að hann hefði keypt jörðina Forsæludal nokkrum árum áður og þá um leið heiðarlandið Dalskvíslar sem liggja á milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar. Í bréfinu er því lýst að hann hafi gefið næstu hreppum kost á að leigja Dalskvíslar sem afréttarland en sumir hreppar hafi ekki viljað greiða fyrir það. Hann hafi þá tekið ákvörðun um að leigja Forsæludal öðrum en flutt sjálfur í Dalskvíslar og byggt þar bæ að Réttarhóli. Í bréfinu segir að á landi þessu hafi aldrei fyrir byggð verið svo menn viti. Björn upplýsir amtmann um að ekki sé um að ræða land sem nokkur annar, hvorki einstaklingur né almenningur, eign sér. Þar sem landið sé skýlaus eign Björns telji hann óþarfa og ekki eiga við sínar aðstæður að auglýsa þá áætlun sína að taka þar upp nýbýli. Hann biður því amtmann að hlutast til um að hann hljóti þau réttindi og hlunnindi sem nýbýlatilskipunin frá 15. apríl 1776 veiti honum eins fljótt og auðið er.
- 16 Amtmaður skrifaði sýslumanni bréf 14. apríl 1887, greindi honum frá áformum Björns og leitaði umsagnar hans um það hvort auglýsa þyrfti fyrirhugaða stofnun nýbýlis eða hvort byggð Björns í Dalskvíslum ætti ef til vill að skoðast sem afbýli samkvæmt rentukammerbréfi frá 26. febrúar 1842. Í svarbréfi til amtmanns 8. nóvember 1887 segir sýslumaður: „Dalskvíslar hafa í ómunatíð verið óbyggt heiðarland, notað til uppreksturs, og tilheyrandi jörðunum Forsæludal og Þórormstungu, en afmarkað frá heimalöndum jarða þessara, og er það þannig selt Birni Eysteinssyni með ákveðnum ummerkjum allt í kring; þó hjer sje því ekki að ræða um nýbýli, þar sem byggð hefir lagst í eyði í ómunatíð (sbr. tilskipun 15. apríl 1776, 5. gr.) svo að hin fyrirskipaða auglýsing um upptekning nýbýlisins samkv. 4. gr. tjeðrar tilskipunar mætti burtfalla, þá virðist eigi að síður slík auglýsing ekki vera nauðsynleg eða viðeigandi, þar sem hjer er spurning um afmarkað heiðarland, er nýlega hefir verið selt sækjanda undan tveim jörðum, sem frjáls og átölulaus eign jarða þessara. Hvað því næst það atriði snertir hvort byggð sækjanda í Dalskvíslum eigi megi öllu fremur álítast afbýli, þá fæ jeg ekki sjeð að svo verði álitið, með því þetta umrædda heiðarland hefir alls ekki verið notað frá jörðum þeim, sem það lá undir, nema til uppreksturs, og jarðir þessar halda landsnytjum sínum óskertum að öllu, svo dýrleiki þeirra og leigumáli hlýtur að haldast óbreyttur, þótt heiðarland þetta sje undan þeim selt.“
- 17 Amtmaður svaraði bréfi sýslumanns 3. janúar 1888 og óskaði eftir því að Birni Eysteinssyni yrði tilkynnt að ekki væri unnt að verða við beiðni hans um að fá að taka upp nýbýli án þess að birta áður auglýsingu samkvæmt nýbýlatilskipuninni „þótt hann

sje eigandi heiðarlands eða afrjettarlands þess, sem spursmál er um, og það sje selt undan áðurnefndum jörðum með ákveðnum ummerkjum, með því hjer er eigi spursmál um nýbýli, þar sem byggð hefir legið í eyði frá ómunatíð, heldur um afrjettarland, sem bæði ábúendur nefndra jarða og sveitarfjelög þau, sem sækjandinn segist áður hafa leigt eða reynt til að leigja afrjettarlandið, kynni að þykjast hafa nokkurt tilkall til, sbr. tilsk. 15. apríl 1776, 4. gr.“.

- 18 Sýslumaður tilkynnti Birni um þessa niðurstöðu amtmanns honum til athugunar og eftirbreytni með bréfi dagsettu 13. febrúar 1888. Í framhaldinu gaf Björn út auglýsingu sem lesin var upp í landsyfirdómi 19. mars 1888. Í henni sagði: „Jeg undirskrifaður gjöri kunnugt, að jeg hefi tekið upp nýbýli á eignarlandi mínu Dalskvíslum milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, og hefi eg þegar farið þess á leit, að mjer verði veitt þau rjettindi og hlunnindi, sem tilsk. 15. apríl 1776 ákveður. Ef nokkur kynni að þykjast eiga tilkall til þessa lands, skora jeg á hann að lýsa tilkalli sínu fyrir amtmanninum yfir norður- og austur-amtinu, innan 4 mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar, sem einnig verður lesin í landsyfirdóminum.“ Sýslumaður skrifaði amtmanni 6. ágúst 1888 og tilkynnti honum að Björn Eysteinnsson á Réttarhóli hefði afhent sér auglýsingu um upptekt nýbýlis í Dalskvíslum með áritun um að hún hefði verið lesin í yfirdóminum.
- 19 Í bréfi 17. október 1888 fyrirskipaði amtmaður sýslumanni að annast áreið á Dalskvíslar vegna nýbýlis Björns Eysteinnssonar. Í bréfinu kemur fram að Björn hafi óskað eftir að „sér verði útvísað land til nýbýlis í svonefndum Dalskvíslum, sem er heiðarland og upprekstrarland milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, og sem hefir tilheyrt eignarjörð hans Forsæludal og jörðinni Þórormstungu“.
- 20 Með bréfi 21. ágúst 1889 skipaði sýslumaður fjóra menn til að vera áreiðar- og matsmenn vegna kröfu Björns um stofnun nýbýlis. Hinn 26. ágúst 1889 var gerð áreið á heiðar- og upprekstrarlandið Dalskvíslar vegna upptöku nýbýlis að Réttarhóli. Í dómsmálabók Húnavatnssýslu segir þetta um gerðina: „Ár 1889 mánudaginn hinn 26. ágúst var sýslumaður í Húnavatnssýslu Lárus Blöndal staddur að býlinu Rjettarhóli í Dalskvíslum sem samkvæmt skipunarbrjefi amtmannsins í Norður og Austuramtinu dags. 17. október f. á. ásamt fjórum tilkvöddum áreiðar og matsmönnum, þeim bændunum Birni Sigfússyni í Grímstungu, Birni Guðmundssyni á Marðarnúpi, Gísla Guðlaugssyni í Forsæludal og Guðmundi Þorsteinssyni í Holti, til þess eptir fyrirmælum í tilskipun 15. apríl 1776 að gjöra áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar, sem áður tilheyrði jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, en sem bóndinn Björn Eysteinnsson á Rjettarhóli hefur keypt af eigendum tjeðra jarða og að undangengnum lögformlegum undirbúningi hefir óskað að upptaka sem nýbýli. Þess er að geta, að sýslumaður hefur með nægum fyrirvara boðað til áreiðargjörðar þessarar, eigendur og umráðamenn jarða þeirra, sem liggja að Dalskvísla landi, þá bændurna Bjarna Snæbjarnarson í Þórormstungu, Hannes Þorvarðarson á Haukagili, og prestinn sjera Stefán Jónsson á Auðkúlu, sem allir eru persónulega mættir. Bóndinn Björn Eysteinnsson var og persónulega viðstaddur, og sýndi heimildarskjal sitt eða

afsalsbrjef fyrir Dalskvíslum, dags. 14. janúar 1882. Eptir að hinir tilkvöddu áreiðarmenn höfðu unnið hinn lögboðna eið, var gjörð áreið á áðurnefnt Dalskvíslaland. Enginn hefur gjört eignar tilkall til lands þessa annar en Björn bóndi Eysteinnsson og enginn hafið mómæli gegn útvísunargjörðinni. Þar sem Dalskvíslaland alls ekki hefur verið notað nje verður notað frá jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, er það samhuga álit sýslumanns og áreiðarmanna, að jarðir þessar, þrátt fyrir afsal lands þessa, og útvísun á því til nýbýlis, haldi landsnytjum sínum óskertum þannig að jafnmikil áhöfn geti eptir sem áður framfleytst á þeim og leigumálinn verið hinn sami, jafnvel þótt hugsanlegt væri, að dýrleiki jarða þessara kynni við nýtt jarðamat að lækka lítið eitt (í notum þess að jörðunum báru fjallatollar nokkrir fyrir upprekstra í Dalskvíslalandi, en fjallatollar þessir hafa ekki goldizt um langan tíma. Samkvæmt fyrrgreindu afsalsbrjefi fyrir Dalskvíslalandi eru merki þess: að utan yfir Bótarfjall vestur að Vatnsdalsá, til austurs yfir Eyjavatn utan til austur á reiðgötur, þaðan til suðurs sem vötn að draga til Vatnsdalsár, að vestan ræður Vatnsdalsá og Strangakvísl. Sýslumaður og hinir tilkvöddu áreiðarmenn gjörðu þá ályktun að af hinu afsalaða Dalskvíslalandi skyldi bóndanum Birni Eysteinnssyni útvísað nýbýlisland með þessum ummerkjum: að austan ræður sjónhending frá svokallaðri Karittingatjörn (Karyrlingatjörn) í krókin á Fellakvísl vestanvert þar sem Kolkukvísl fellur í hana; úr því ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjallahala, að sunnan sjónhending frá Fellakvísl um Áfangafell til Stóra-steins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár, og þaðan Vatnsdalsá út á móts við Bótarfjall, að utan (norðan) eru merkin: úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur á reiðgötur. Það skal sjerstaklega tekið fram, að presturinn sjera Stefán Jónsson er, sem umráðamaður Auðkúluheiðar samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan. Verður þannig óúthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi svæðið frá Áfangafelli, fram á svokallaðar Öldur, sem er mjög ófrjótt land og landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar, sem jarðirnar Forsæludalur og Þórormstunga hafa frían upprekstur í. Nýbýlislandið er öldótt heiðarland með víðlendum móa- og melbungum, og allstórum ljósastarar og brokflám, sem víða eru allgóðar til slægna; málnytuhagar eru góðir. Til hlunninda má telja nokkra silungsveiði og hæga grasatekju. Er svo áreiðar- og matsgjörð þessari hjermeð lokið og til staðfestu undirrituð af hlutaðeigendum.“

- 21 Í framhaldi af gerðinni sendi sýslumaður amtmanni 7. október 1889 afrit úr dómssmálabók sýslunnar af skoðunar- og útvísunargjörðinni vegna nýbýlisins Réttarhóls auk reiknings vegna kostnaðar. Amtmaður skrifaði sýslumanni aftur 17. október 1889 og sendi nýbyggjarabréf sem hann bað sýslumann um að afhenda Birni Eysteinnssyni. Efni þess hefur varðveist í skjalasafni Norður- og austuramts með eftirfarandi hætti: „Julíus Havsteen, amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu r. af dbr. [strikað yfir: Gjörir] Kunngjörir: að með því Björn Eysteinnsson, samkvæmt tilsk. 15. apríl 1776, hefir með skoðunargjörð, er framkvæmd var af sýslumanninum í Húnavatnssýslu með fjórum tilkvöddum, óvilhöllum mönnum, 26. ágúst þ.á., fengið útvísað land til nýbýlis í svonefndum Dalskvíslum eða Kvíslalandi, með þessum

ummerkjum: Að austan ræður sjónhending frá svokallaðri Karittlingatjörn (Karyrtlingatjörn) í krókinn í Fellakvísl vestanvert, þar sem Kolkukvísl [strikað yfir: rennur, fellur ofan línu] fellur í hana; úr því [því, tvítekið] ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjalla hala; að sunnan sjónhending frá Fellakvísl um Áfangafell til Stórasteins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár og þaðan Vatnsdalsá [strikað yfir: fyrir yfir] út á móts við Bótarfjall; að utan (norðan) [strikað yfir: eru merkin:] úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur í reiðgötur, [strikað yfir: Er úthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi svæðið frá Áfangafelli framá svokallaðar Øldur og landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar.] – þá veitist nefndum Birni Eysteinsyni hjermeð nýbyggjararjettur yfir hinu tilgreinda landi með þeim skyldum og rjettindum og undanþágum, sem í ofangreindri tilskipun [strikað yfir: eru] eru heimilaðar. [strikað yfir: þó að óskertum rjetti sjerhvers annars manns ef sannaður verður].“ Sýslumaður sendi nýbyggjarabréfið svo áfram til Björns með bréfi dagsettu 29. október 1889 en frumrit þess hefur ekki fundist.

- 22 Í málinu liggur fyrir eftirrit af kaupsamningi 24. nóvember 1890 sem finna má í bréfasafni Sýslumannsins á Blönduósi það ár þar sem Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðahreppar kaupa Dalskvíslaland af Birni Eysteinsyni en undir samninginn skrifar Erlendur Eysteinson á Beinakeldu sem umboðsmaður Björns. Í samningnum segir: „1. Jeg Erlendur Eysteinson sel ofanefndum sveitarfjelögum í Svínavatns, Torfalækjar, Áss og Sveinsstaðahreppum hið svokallaða Dalskvíslaland í Áshreppi með öllum rjettindum og skyldum sem landsparti þessum fylgir, eins og jeg hefi keypt hann nefnilega: að Forsæludalur og Þórormstunga eigi frían upprekstur á geldfje sitt, að undanteknu stóði. – Viðir í húsum eru ekki með í kaupinu. 2. Kaupverðið er 1200 – tólf hundruð – krónur og greiðist það mjer á næsta vori um leið og jeg flyt burtu, sem verða skal 14 maí næstkomandi. 3. Seljandi skal gefa kaupanda afsalsbrjef strax og kaupverð er greitt. 4. Kostnað þann sem leiðir af kaupgjörningi þessum skal kaupandi greiða en seljandi svarar til lagaríptinga. 5. Kaupendur ganga að þessum kaupum uppá væntanlegt samþykki hreppsþúa, og sýslunefndar.“
- 23 Gagnáfrýjendur leiða rétt sinn til hins umdeilda landsvæðis til framangreindra hreppa en óumdeilt er að þeir hafi fengið Forsældalskvíslar framseldar til sín.

Málsástæður aðila

Málsástæður aðaláfrýjanda

- 24 Aðaláfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á því að Forsæludalskvíslar í heild séu utan eignarlanda og teljist þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998, svo sem óbyggðanefnd úrskurðaði.
- 25 Vísar aðaláfrýjandi til þess að sögulegar heimildir styðji ekki að landið hafi verið numið í heild. Hafi beinn eignarréttur stofnast yfir hluta af landinu með námi hafi hann fallið niður og svæðið þá verið tekið til annarra takmarkaðra nota síðar. Þá er byggt á því að í sögulegum heimildum komi ekki annað fram en að landið hafi verið

nýtt sem afréttur og verið aðgreint frá jörðunum Forsæludal og Þórormstungu. Lögfestur og landamerkjabréf um mörk Forsæludalskvísla sanni ekki beinan eignarrétt að landinu enda hafi nýting svæðisins verið takmörkuð við beit og önnur takmörkuð not. Þá hafi ekki stofnast til beins eignarréttar yfir hluta svæðisins þar sem stofnun nýbýlis hafi ekki verið fullnuð vegna vanhalda á þinglýsingu byggingarbréfs. Þá hafi gagnáfrýjendur ekki sannað að þeir hafi haft óslitið eignarhald á landinu þannig að þeir hafi hefðað fullan eignarrétt eða fengið eignarrétt að því á grundvelli viðskiptavenju.

Málsástæður gagnáfrýjenda

- 26 Gagnáfrýjendur reisa kröfur sínar á því að beinn eignarréttur hafi stofnast að Forsæludalskvíslum fyrir nám í öndverðu. Þessu til stuðnings vísa þeir til stofnskjals 28. október 2008 en að baki því liggja landamerkjabréf Forsæludals og Þórormstungu 29. júlí 1890, útskiptingarafsals/kaupsamnings 24. nóvember 1890 og þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Sá sem vefengi þinglýstar eignarheimildir beri sönnunarbyrði fyrir því að þær heimildir séu ekki réttar. Athugasemdalaus þinglýsing eignarheimilda feli í sér viðkenningu á eignarréttindum gagnáfrýjenda. Ekki sé unnt að hafna beinum eignarrétti á þeim grunni að landið hafi oft verið nefnt afréttur enda liggja fyrir að eigendur hafi haft öll eignarráð landsins á sinni hendi og innheimt tolla vegna beitar búfjár annarra bænda.
- 27 Þá er byggt á því að beinn eignarréttur hafi stofnast fyrir hefð vegna óslitins eignarhalds um langan tíma og venjuréttur styðji eignarhald gagnáfrýjenda auk þess sem réttur stefnda til að vefengja þann eignarrétt sé niður fallinn fyrir sakir fyrningar og tómlætis. Einnig vísa gagnáfrýjendur til almennra reglna um ítaksrétt og meginreglna um traustfang og tómlæti. Loks standi engin rök til þess að miða við að námi jarðarinnar Forsæludals hafi lokið við þau mörk sem ákveðin voru löngu seinna þegar Forsæludalskvíslar voru seldar frá jörðunum. Engin náttúruleg skil séu þar á landsvæðinu auk þess sem Forsæludalskvíslar séu mjög grösugt svæði.
- 28 Þá byggja gagnáfrýjendur kröfur sínar á því að lögleg stofnun lögbýlis á Réttarhóli staðfesti í öllu falli beinan eignarrétt að því svæði sem önnur varakrafan þeirra í héraði tekur til.

Niðurstaða

- 29 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi verður ekki ráðið af Landnámu hversu langt til fjalla landnám Friðmundar í Forsæludal hafi náð í öndverðu. Í þeim sögulegu heimildum sem liggja fyrir í málinu er Forsæludalskvísla almennt getið sem afréttar eða heiðarlands sem notað hafi verið til beitar og annarra takmarkaðra nota svo sem grastekju og hrísrifs. Þá eru Forsæludalskvíslar að jafnaði aðgreindar frá jörðunum Forsæludal og Þórormstungu í heimildum. Þessar lýsingar gefa sterkar vísbendingar um að menn hafi ekki talið að allt svæðið væri háð einkaeignarrétti eigenda jarðanna Forsæludals og Þórormstungu, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Fallist er á það með héraðsdómi að tvær lögfestur Bjarna Steindórssonar 1806 og 1809 um merki jarðanna

Forsæludals og Þórormstungu sem einnig tóku til merkja Forsæludalskvísla sanni ekki beinan eignarrétt eigenda jarðanna enda sé þar um að ræða einhliða yfirlýsingar hans. Hið sama gildir um skráningu merkja jarðanna Forsæludals og Þórormstungu í landamerkjaskrá 28. júlí 1890 enda er þar sérstaklega tekið fram að jarðirnar eigi fjárupprekstur í Dalskvíslar. Þá styðja staðhættir, gróðurfar og fjarlægð svæðisins frá byggð ekki að allt svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti frá öndverðu. Utan búsetu Björns Eysteinsonar á Réttarhóli er ekki að finna neinar sögulegar heimildir um að búið hafi verið í Forsæludalskvíslum eða að það landsvæði hafi verið nýtt til almennra búsnýtja frá heimalöndum jarðanna.

- 30 Með vísan til þess sem að framan er rakið og þess að gagnáfrýjendur hafi ekki fært fram fullnægjandi gögn eða röksemdir fyrir málsástæðum sínum, þar með talið þeim að þeir hafi vegna óslitins eignarhalds um langan tíma hefðað landið eða unnið rétt á grundvelli viðskiptavenju, verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna beri aðaláfrýjanda af aðalkröfu gagnáfrýjenda. Varakrafa gagnáfrýjenda byggist á sömu málsástæðum og aðalkrafan og verður aðaláfrýjandi því með sömu rökum sýknaður af henni.
- 31 Kemur þá til umfjöllunar krafa aðaláfrýjanda um að niðurstöðu héraðsdóms skuli hrundið og aðaláfrýjandi sýknaður af annarri varakröfu gagnáfrýjenda í héraði. Ekki er um það deilt í málinu að þau mörk sem tilgreind voru í annarri varakröfu gagnáfrýjenda í héraði séu í samræmi við þau mörk sem ákveðin voru í áreið sýslumanns og tilkvaddra matsmanna 26. ágúst 1889.
- 32 Áður er rakið að aðrar sögulegar heimildir en um stofnun nýbýlis að Réttarhóli bendi ekki til þess að Forsæludalskvíslar hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti eigenda Forsæludals og Þórormstungu eða annarra aðila. Í gögnum málsins kemur þó fram að Björn Eysteinson taldi Forsæludalskvíslar að fullu eign sína og taldi hann óþarft að auglýsa fyrirætlun sína um stofnun nýbýlis. Þrátt fyrir þetta sjónarmið Björns segir í bréfi hans 12. febrúar 1887 til amtmanns: „Á landi þessu hefur aldrei byggð verið svo menn viti.“ Sýslumaður og amtmaður töldu að landið hefði í ómunatíð verið afréttar- eða heiðarland og var áreiðin og útgáfa byggingarbréfs gerð á grundvelli 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 þar sem mælt er fyrir um stofnun nýbýlis í afréttaralmenningum og óbyggðum plássum fyrir ofan byggðir. Um meðferð máls við stofnun nýbýlis á grundvelli þeirrar greinar giltu almennt ákvæði 1. og 2. gr. tilskipunarinnar.
- 33 Fyrir liggur að Björn Eysteinson auglýsti fyrirhugaða stofnun nýbýlis að Réttarhóli eins og áskilið var í 4. gr., sbr. 1. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Í 4. gr. hennar var einnig kveðið á um að eftir auglýsinguna skyldi amtmaður „láta gjöra slíka forrétting“ sem 1. og 2. gr. tilskipunarinnar kvað á um en þangað skyldi stefna eigendum og ábúendum þeirra jarða sem næstar lögju viðkomandi landsvæði. „Forréttingin“ fól samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar í sér að sýslumaður og fjórir sérstaklega til þess kvaddir menn skyldu „yfirskoða plázið, og með reglulegri forrétting að tileinka það þeim, sem fyrst

hefði boðið sig til þess“. Samkvæmt gögnum málsins var þessi gjörningur einnig kallaður áreið eða áreiðargjörð. Teldi einhver sem mættur væri við áreiðina að sinni jörð væri gerður „óréttur eða afdráttur í hennar tilheyrandi útlendi, hagabeit eða engjum“ skyldu áreiðarmenn meta á staðnum hvort rétt væri. Væri því hafnað skyldi „forréttingin fullgjörast og gilda“, sbr. 2. gr. tilskipunarinnar.

- 34 Í dómsmálabók Húnavatnssýslu 26. ágúst 1889 kemur fram að við áreiðina þann dag hafi enginn annar en Björn gert tilkall til Dalskvíslalands og enginn mótmælt „útvísunargjörðinni“. Í framhaldinu er bókað að Birni sé „útvísað nýbýlisland“ af Dalskvíslalandi, sem samsvarar því landi sem önnur varakrafa gagnáfrýjanda í héraði tekur til, og því lýst að áreiðar- og matsgjörðinni sé lokið.
- 35 Í 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar var mælt fyrir um aðgerðir sem framkvæma skyldi í kjölfar þess að áreiðargjörð lauk með útvísun nýbýlis með tilteknum landamerkjum til ákveðins aðila. Þar sagði að sýslumaður skuli gefa út útskrift af „forréttingunni“ til viðkomandi amtmanns sem þá „gefur nýbýlingnum byggingarbréf“. Að endingu kemur fram að „[f]orréttingunni skal þar að auki lýsa á þingi, hvað þá í allan máta skal álitast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“.
- 36 Fyrir liggur að sýslumaður sendi amtmanni endurrit af áreiðargjörðinni og að amtmaður sendi sýslumanni 17. október 1889 byggingarbréf sem hann óskaði eftir að yrði afhent Birni Eysteinsyni. Þá kemur fram í gögnum málsins að sýslumaður hafi með bréfi 29. sama mánaðar sent byggingarbréfið áfram til Björns samkvæmt áðurgreindum fyrirmælum amtmanns. Frumrit byggingarbréfsins liggur ekki fyrir í málinu en leggja verður til grundvallar að byggingarbréfið sem gefið var út til Björns hafi að efni til verið í samræmi við endurrit sem er að finna í skjalasafni amtmanns og áður er getið.
- 37 Í málinu er ekki að finna nein gögn um að „foréttingunni“ hafi verið lýst á þingi svo sem mælt var fyrir um í 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Í greininni er þess ekki getið hver eigi að annast lýsingu á „foréttingunni“ á þingi og ekki er sérstaklega kveðið á um að byggingarbréfinu skuli þinglýst. Ljóst er af ákvæði 6. gr. að gerður var greinarmunur á útgáfu byggingarbréfsins og „foréttingunni“ sjálfri. Þá liggur fyrir að áreiðin var á höndum sýslumannsins og þeirra matsmanna sem hann kvaddi til og að sýslumaður hafði umsjón með manntalsþingi þar sem „forréttingunni“ skyldi lýst.
- 38 Á þeim tíma sem áreiðargerðin fór fram og byggingarbréfið var gefið út var í gildi tilskipun um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi frá 24. apríl 1833. Í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að ef skjal hljóðar upp á afhendingu fasteignar eigi ætíð að lesa það á þingi „til hvers eigindómurinn heyrir“ sem utan Reykjavíkur skuli vera hið árlega manntalsþing. Í 4. gr. tilskipunarinnar kemur fram að réttarverkun þinglýsingar gagnvart þriðja manni reiknist almennt frá þinglýsingardegi. Af ákvæðinu má ráða að þinglýsingu skjals um afhendingu eignar hafi fyrst og fremst verið ætlað að verja rétt eiganda gagnvart þriðja manni.

- 39 Í úrskurði óbyggðanefndar og hinum áfrýjaða dómi er á því byggt að Birni hafi verið skylt að láta þinglýsa byggingarbréfinu samkvæmt báðum tilskipunum. Svo sem rakið er að framan var ekki mælt fyrir um það í nýbýlistilskipuninni að nýbýlingi hefði borið skylda til þess að þinglýsa byggingarbréfi til þess að fullkomna stofnun nýbýlis heldur er einungis mælt fyrir um að „foréttíngunni“ skuli lýsa á þingi. Það liggur á hinn bóginn fyrir að ef nýbýlingur hefði viljað tryggja eignarrétt sinn á nýbýlinu gagnvart þriðja manni hefði hann getað óskað eftir því að byggingarbréfinu yrði lýst á þingi eins og öðrum skjölum um afhendingu eignar. Fyrir liggur að áreiðargerðin og þar með „foréttíngin“ var á höndum sýslumannsins auk þess sem sýslumaður og amtmaður höfðu báðir haft undir höndum byggingarbréfið sem gefið var út til Björns. Embættismönnum var því fullkunnugt um gilda stofnun nýbýlisins að Réttarhóli. Ekki verður úr því skorið hvers vegna „foréttíngunni“ var ekki lýst á þingi enda liggja engar upplýsingar fyrir um það í málinu. Þegar framangreint er haft í huga og það markmið þinglýsingar að tryggja eignarrétt gagnvart þriðja manni verður því hafnað að vanhöld á þinglýsingu hafi leitt til þess að ekki hafi stofnast til einkaeignarréttar Björns á umræddu landi samkvæmt nýbýlatilskipuninni. Gagnvart aðaláfrýjanda verður því að miða við að nýbýli hafi stofnast og Björn þannig eignast einkaeignarrétt að því svæði sem önnur varakrafa gagnáfrýjenda í héraði tekur til, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.
- 40 Með vísan til þess að gagnáfrýjendur leiða rétt sinn af réttindum Björns Eysteinssonar verður kröfu aðaláfrýjanda um sýknu af annarri varakröfu gagnáfrýjenda í héraði hafnað. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest.
- 41 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður. Um gjafsóknarkostnað gagnáfrýjenda fyrir Landsrétti fer eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda, þar með talin málflutningsþóknun Sigurðar Jónssonar lögmanns 1.200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 14. febrúar 2019

I

Mál þetta var höfðað 21. júní 2015 og tekið til dóms 21. desember 2018.

Stefnendur eru sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði, Stóra-Búrfelli, Húnavatnshreppi og sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/Haukagilsheiði, Hólabaki, Húnavatnshreppi.

Stefndi er íslenska ríkið, Vegmúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur

Stefnendur krefjast þess aðallega að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar frá 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013, hvað varðar Forsæludalskvíslar, landnúmer 217644, þ.e. eftirfarandi úrskurðarorð:

„Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Forsæludalskvíslar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.:

Upphafspunktur er í Vatnsdalsá á mótis við Svínavatnslækjarós, þaðan er dregin bein lína í austur í há Bótarfell. Úr Bótarfelli er farið til austurs, yfir Eyjavatn, í vörðu austan megin við Mjóavatnslæk. Þaðan er farið suðaustur í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá er Fellakvísl fylgt til upptaka og þaðan er dregin bein lína til suðvesturs í norðurenda Búrfjallahala. Úr Búrfjallahala er farið til norðvesturs í upptök Ströngukvíslar og henni fylgt þar til hún rennur í Vatnsdalsá við Stórákrók og ræður þá Vatnsdalsá í upphafspunkt til Svínavatnslækjarós. “

Til vara krefjast stefnendur þess að nefndur úrskurður óbyggðanefndar verði felldur úr gildi að hluta, þ.e. að því er varðar þann hluta af landi Forsæludalskvísla, landnúmer 217644, sem liggur norðan og vestan línu sem dregin er frá upptökum Fellakvíslar austanvert við Öldur beina leið í upptök Ströngukvíslar og þar með viðurkenndur fullkominn eignarréttur stefnenda að landi Forsæludalskvísla norðan framangreindrar línu sem dregin er upp á uppdrætti óbyggðanefndar sem er meðal gagna málsins.

Til þrautavara krefjast stefnendur þess að nefndur úrskurður óbyggðanefndar verði felldur úr gildi að hluta, þ.e. að því er varðar þann hluta af landi Forsæludalskvísla, landnúmer 217644, sem liggur norðan og austan línu sem dregin er úr Áfangafelli til Stóra steins við Miðkvísl og fylgir síðan Miðkvísl til Vatnsdalsár og þar með viðurkenndur fullkominn eignarréttur stefnenda að landi Forsæludalskvísla norðan og austan nefndrar línu sem dregin er upp á uppdrætti óbyggðanefndar sem er meðal gagna málsins.

Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfur stefnenda krefjast þeir þess að viðurkennt verði að þeir eigi einkarétt til beitar, veiða, dýraveiða, hagnýtingar vatnsréttinda og nýtingar á auðlindum í jörðu, án endurgjalds, á öllu því svæði Forsæludalskvísla sem úrskurðað var þjóðlenda.

Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi þeirra en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

II

Atvik máls

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta skal óbyggðanefnd kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Með bréfi til fjármálaráðherra, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Óbyggðanefnd ákvað í október 2008 að breyta fyrirhugaðri röð næstu svæða á þann veg að taka svæði 7 norður til umfjöllunar á undan svæði 8 og einnig að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæðið sem tekið var til umfjöllunar í úrskurði nefndarinnar eftir þessar breytingar nefndist Norðvesturland (8 norður).

Landsvæðið Norðvesturland afmarkast svo:

Að vestan ræður Hrutafjarðará sem fylgt er að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á Arnarvatnsheiði. Sýslumörkum er fylgt austur að sýslumörkum Árnessýslu og er þeim einnig fylgt til austurs í Blöndu. Blöndu er fylgt norður að norðurmörkum fyrrum

Bólstaðarhlíðarhrepps og er þeim fylgt austur að norðurmörkum fyrrum Seyluhrepps og þeim fylgt austur í Héraðsvötn. Héraðsvötnum er svo fylgt til ósa. Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Vegna ákvæða í lögum nr. 70/2009 um ráðstafanir í ríkisfjármálum var fjármálaráðherra tilkynnt að óbyggðanefnd myndi ekki taka til meðferðar ný svæði né fjármálaráðherra lýsa kröfum ríkis um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Hafði þetta í för með sér að fyrri ákvörðun óbyggðanefndar, um að veita íslenska ríkinu kröfulýsingarfrest til 31. júlí 2009, var úr gildi fallin.

Þann 23. júní 2011 var fjármálaráðherra tilkynnt að óbyggðanefnd tæki Norðvesturland aftur til meðferðar og honum veittur frestur til 9. janúar 2012 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvármönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 31. mars 2012 og síðar til 30. júní sama árs.

Kröfulýsingar stefnda um þjóðlendur á Norðvesturlandi bárust óbyggðanefnd 2. júlí 2012. Hinn 5. júlí sama ár birtist tilkynning í Lögbirtingablaðinu um málsmeðferð á svæðinu og útdráttur úr þjóðlendukröfum stefnda ásamt uppdrætti í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og skorað á þá, sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan svæðisins, að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd eigi síðar en 7. janúar 2013 en sá frestur var síðar framlengdur fram í febrúar. Jafnframt kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð yrði þinglýst á fasteignir sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði. Kröfur stefnanda voru síðan gerðar aðgengilegar á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og Blönduósi, skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, auk heimasíðu og á skrifstofu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og Blönduósi svo og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga og á heimasíðu og skrifstofu óbyggðanefndar. Athugasemdafrestur var til 22. maí 2013. Engar athugasemdir bárust óbyggðanefnd fyrir lok frestsins. Stefndi lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta en á móti bárust 16 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðst eða náðu til fleiri en eins landsvæðis. Óbyggðanefnd fjallaði um landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, þ.e. Forsæludalskvíslar, í máli nefndarinnar nr. 2/2013.

Ekki er um það deilt að stefnandi höfðaði mál þetta innan þess frests sem gefinn er skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998.

III

Afmörkun og saga Forsæludalskvísla.

Landsvæði það sem hér er deilt um liggur milli Auðkúluheiðar að austan og Grímstunguheiðar að vestan auk landsvæðis í Borgarbyggð sem liggur að sunnanverðum vesturmörkum svæðisins, norðan svæðisins er Dalsland sem áður tilheyrði jörðinni Forsæludal og að sunnan er Langjökull.

Í heimildum er svæðið eða hlutar þess einnig kallað Dalskvíslarland, Dalskvíslar, Dalsheiði, Dalsbót og Kvíslarland.

Elsta heimildin um svæðið er frá 1536 en þá útnefndi Páll Grímsson sýslumaður sex menn í dóm vegna kæru Ljóts Arngrímssonar, sem var bóndi í Forsæludal, vegna þess að bændur og almúgi vildu ekki reka lömb á Dalsheiði, milli Giljár og Gljúfurár. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að skylt væri að reka á Dalsheiði og greiða tolla fyrir.

Á árinu 1542 seldi séra Gunnlaugur Arngrímsson séra Birni Jónssyni tíu hundruð í jörðinni Forsæludal til fullrar eignar og með öllum þeim gögnum og gæðum sem jörðinni fylgdu. Í ágústmánuði á sama ári afsalaði Ljótur Arngrímsson öllu tilkalli sínu til jarðarinnar Forsæludals til séra Björns Jónssonar. Í september 1552 er Forsæludalur talinn upp meðal jarðeigna séra Björns Jónssonar sem þá var látinn.

Konungur tók síðan undir sig allar jarðeignir Jóns Arasonar Hólabiskups og sona hans en Björn var einn þeirra. Forsæludalur varð þar með hluti af jarðaumboði konungs sem kallaðist Vatnsdalsjarðir.

Í október 1583 gekk dómur Jóns Jónssonar lögmans um rekstra á Forsæludals- og Kúluheiðar. Í dóminum kemst lögmaðurinn að þeirri niðurstöðu varðandi Dalsheiði að tollar af heiðinni tilheyri konungsjörðinni Forsæludal. Með dóminum var öllum mönnum í Vatnsdalshreppum gert skylt að halda uppi rekstrum sínum og reka á þær afréttir sem að fornu hefur verið og gjalda venjulega tolla til þeirra sem afréttina eiga en ella greiða sektir.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram að Forsæludalur sé í konungseign og tilheyri jarðaumboðinu Vatnsdalsjörðum. Þar segir: „Afrjett á jörðin þar sem heitir Dalsbót; á þann afrjett hefur að fornu rekið mestur hluti Vatnsdals, og galst tollur fyrir, lamb af hverjum rekstri, til ábúanda. Nú í margt ár hafa allfáir, og oft öngvir, afrjettina brúkað, nema ábúandi einn.“ Í umfjöllun sinni um Litlu-Giljá í Jarðabókinni er vikið að afrétt Forsæludalslands með eftirfarandi hætti: „Í tíð Guðmundar Hákonarsonar var upprekstur úr allri þessari sveit millum Gljúfurár og Giljár í Forsæludalsland, þar sem kallað er Dalsbót, nema af fáeinum bæjum í Fremra Vatnsdalshrepp, sem ráku á Grímstunguheiði. En því lagðist af sú afrjett á Dalsbót, að fjárgöngur voru úr máta erfiðar og er síðan enginn viss afrjettur sveitarinnar.“

Bjarni Steindórsson í Þórormstungu keypti Forsæludal þegar Vatnsdalsjarðir voru boðnar upp 10. júlí 1804. Í aprílmánuði 1806 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjörð sína Þórormstungu en af lögfestunni verður ekki annað ráðið en að hún taki einnig til Forsæludals. Lögfestan var lesin upp fyrir þingsrétti að Breiðabólstað 25. apríl sama ár og að Tindum 20. júní 1808 og er svohljóðandi:

Jeg undirskrifadr Logfeste hér med Eignar Jord mína, Þórormstúngu, liggjandi í Grímstúngu Kirkju Sókn og Vatnsdal innann Húnavatns Sýsslu. Logfeste eg tjedrar Jardar Tún og Eingjar, Hollt og Haga, Votn og Veidistadi og allar Landsnytjar, sem henne fylgt hafa og fylgja eiga med réttu, til þessara ummerkja, er adrir menn eiga í móti mér, nefnelega: Millum Mardarnúps og Þórormstúngu skilr Land Túnguár forni farvegr, sem hverfr ad nordannverdum Síkislæk þeim, er Mislíngur heitir og kémr í vatnsdalsá fyri nordann Mislíngstánga, rædr sídann Tunguá allt til Úlfkels upptaka, þaðann eptir midjum fridmundarhofda, sidann í Austr qvísl hjá Kólkahól, þaðann í Upptok á fellaqvísl og so beinleides til Jokla. Ad Vestann verdu rædr Vatnsdalsá framm ad Merkedæli í Sunnuhlíd, er liggr framannverdt vid Túnguklif og so uppá Hálsinn, eptir því sem hallar frá á bádar Hendr, eptir þeim gotum, sem liggja á há-Hálsinum, og sídann á þær gotr, er liggja framm á millum Hallarvatna, sidann Réttysíni í Eyjarvatnsbúngu og þaðann beint eptir Heidumm framm til Jokla. Logfeste eg bæde ad Ordfullu og Logmáli réttu, fyrirbjóðandi hverjum Manne, ad yrkja, beita, edr brúka, ellegar sér ad nytja, utann mitt sje leyfi til, undir vidliggjandi Sektir. Skal þessi mín logfesta gylða um nærstu Tólf Mánude, sem laga Skjal fyrir Þórormstúngu Landi og, ef eingi áteln á þeim Tíma, þá æfennlega upp þaðann, hverri til fullkomins Kraptar og Stadfestu er mitt nafn og Signet ad Þórorms túngu þann 12ta Aprilis 1806.

Við upplestur lögfestunnar að Tindum var henni mótmælt vegna Auðkúluheiðar með eftirfarandi hætti:

en ad því leiti mótmælt, sem logfestan gengur uppá Audkúlu Heidi, til Kólkuhóls, eptir því sem Audkúlu skjol tiltaka, ad Audkúla egi frá Kárittinga Tjörn og í austustu qvísl, mendan hún fellur rétt, það Prestinum Séra Jóni Jónssyni á Audkúlu, hvorju Bjarni aptur mótsagir, svosem hann vill ega frá Kárittinga Tjörn eptir því sem votn að haga til austustu qvíslar.

Á manntalsþingi sem haldið var að Breiðabólstað 17. júní 1807 var lesin upp kvörtun Bjarna Steindórssonar á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum, af fé sem rekið var á Auðkúlu- og Grímstunguheiðar. Í dómabók sýslunnar er kvörtunin skráð og þá kemur þar fram eftirfarandi niðurstaða: „[...] og er því réttarins meining þar um þessi: ad jafnvel þó rétturinn kannist vid, ad dómar seu fyrir Lamba upprekstre á ofannnefndar 2r heidar, edur Grimstungna- og Audkulu-heidar frá 4m nærliggjande hreppum Aass, Sveinstada, Torvalækjar og Svinavatns, hvör dómur þá, vegna timanna margbreitilega asigkomulags kann, sem hvör önnur politie Lög lika ad vera underorpinn umbreitingu, þess heldur, sem þeir tiltaka eckert um roskins edur géldfiár upprekstur á ofannnefndar heidar, hvar til þær [þær, ofan línu]

þó að undannfornu hafa brukadar verið, og þess vegna að líkum mátt fleyta stærre og annars fjár þunga, Enn nefndir dómar hafa nockurntjma rad fyrir giörðt; hvar vid bætiz, að þessi réttur gétur ecke sjeð, að það sie edur skule nockrum vera fyrirmunad, að nota sér eign sína til brukunar, uppá löglegann máta, allraheldst ef það, sem í nærverande tilfelle, ecke er mögulegt að gyrða fyrir þackkarlausu enn þó gagnlausu brukun ennar sömu af öðrum, so kunna fyrrgreindir dómar Réttskildir og í Sameiningu vid tíðarinnar ásigkomulag, ecke að hrinda Biarna frá, að telia í þetta sér til heyrande landzplátz á móti Audkulu- og Grimstungna- afréttar plátzsum, að þvj áður skodudu, hvad margt fie umgétnar Qvisler bera kinnu móti hinum heidunum, ellegar þá eftir jnnbyrdis Samkomulage vid hvertvegge hlutadeigendur, þá hann í þessu tilfelle þó ber að annast hreinsun og gaungur umgétins plátz.“ Kvörtun Bjarna var einnig lesin upp á manntalsþingi að Tindum 20. júní 1808 og þá var dómurinn lesinn upp á manntalsþingi, sem fram fór að Breiðabólstað 26. maí 1815.

Hinn 5. maí 1809 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjarðir sínar Þóromstungu og Forsæludal. Lögfesta þessi var upplestin fyrir þingsrétti að Breiðabólstað dagana 15. og 26. maí 1809, 5. maí 1819 og 17. maí 1824. Þá var hún og lesin að Tindum 15. júní 1809. Lögfestan er svohljóðandi:

Logfesta fyrir Þóromstúngu og Forsæludal pro 1809 Jeg underskrifadur Logfesti Hérmed Eignar Jarðer mínar Þóromstúngu og Forsæludal, Báðar liggjandi, í Grímstúngu Kirkiu Sókn í Vatnsdal, innann Húnavatns sijsslu. Logfesti eg tiedra Jarda land sameiginnliga, sem filger Tún og Eingiar, Holt, og Haga, Vötn og Veidistadi, og allar landsnitjar, sem her tilteknumm Jördumm filgt hafa, filgia ber, og filgia eiga med réttu, til þessara ummmerkia, er adrir Menn eiga í móti mér. Nefniliga að austannverdu skilur áenn, sem nefnist Túnguá, land í millum, Mardarnúps og Þóromstúngu, eptir fornumm farveg, sem firir nokkrum Árumm, er af Grióti sumstadar uppfilltur, enn þó síáannligur, hvor farvegur, liggur úti Vatnsdalsá, firir austann Mislíngstánga. Tunguá rædur framm til Úlfkells upptaka, eptir midiumm Fridmundar Höfða. Þaðann, í austustu Qvísl, eptir sem vötn að draga, framm til Jökla. Að vestannverdu rædur Vatnsdalsá framm að Merkidæli í Sunnhljíð, er liggur framan verdt vid Tunguklif, og svo uppá Hálsin, eptir því sem hallar frá á báðar hendur, eptir þeim götum sem liggja á há Hálsinum, J millum Torfustada og Forsæludals, af Hálsinum ofann í Vatnsdalsá, eptir því sem Grímstúngu Máldagar tiltaka. Rædur svo Vatnsdalsá, til sinna upptaka, fram til Jökla að undan teknu því sem Híáleigunni Dalkoti ber med Réttu að lögum. Lögfesti jeg bæði að ordfullu, og lögmáli Réttu, firirbióðandi hveriumm Manni að yrkia, Beita edur Brúka, ellegar sier að nytia utann mitt mitt síé Lof, edur leifi til, innann gre[i]ndra merkia, under vidliggiandi Laga sektir. Þessi Lögfesta er bigd, á fornumm og nijumm skiölum, sem eg hefi í Höndum, samt Hefð og Brúkun. Vilie nokkur þessa mína Lögfestu áfría, hann hinn sami, hver hellst vera kann, óska jeg það giöri hér strax istad, og leggi vid fimtarstefnu annars þénar hún mér, sem fullkomid lagaskial og stadfestist med minni hönd og hiá þrikkstu signeti. Þóromstúngu þann 5ta Mii 1809. Bjarne Steindorsson.

Bjarni Steindórsson kvartaði, á manntalsþingi að Breiðabólstað 30. maí 1810, undan skaða sem hann sagði heidarland sitt, kallað Kvíslar, verða fyrir af fólki sem fari til grasa „[...]bæði með því að grenlægjur þar vid styggiz og yfirgefi heimkynni sin og Jnni.“ Að Stóru-Giljá var haldinn lögréttur 23. júní sama ár en tilefnið var kvörtun þriggja manna, þar á meðal Bjarna Steindórssonar sem kvartaði undan óheimilli notkun manna á Dalskvíslum.

Á manntalsþingi að Breiðabólstað 28. maí 1811 var lesin ályktun sýslumanns þar sem ákvarðaður var tollur fyrir grastekju á annarra lóð og fyrir aðra notkun annars lands, sérstaklega fyrir Dalskvíslar sem var eign Bjarna Steindórssonar í Þóromstungu. Af þessu tilefni var fært í dómabók sýslunnar: „5° Lesin politie ályktun sýslumanns S. Snorrasonar af 23. Jun. f. a., hvar vid áqvardadur er Tollur fyri grasatekju á annara lóð, sérilagi þar sem fjarlægt liggur Eigendunum, 1½ al. í landaurum edur þeirra virði í peníngum fyrir hvörjar 4 tunnur grasa, en fyri aðra notkun annars lands beint fylgdt landslögunum og þeirra áqvörðunum. Þetta hvad snertir landeign Mr. Bjarna Steindórssonar í Þóromstungu, Dalskvíslir kallað.“

Undir lok marsmánaðar 1820 ráðstafaði Bjarni Steindórsson jörðum sínum Þóromstungu og Forsæludal ásamt Dalskoti með eftirfarandi hætti:

Þar eg undirskrifadur nú [á] 87da Aldursári giöri Rád fyrir ad Æfidagar mínir munisnart vera á Enda vildi eg ádurenn fráfell giöra þá Rádstöfun ad sem minstur Agreiningur yrði um þær Eignir sem eg eptir mig kynni ad láta, því giöri eg nú med fríum Vilia og fullkomnri Ráddeild þá Rádstöfun um það Heidarland sem tilheirir Jörðunum Þóromstúngu og Forsæludal og alment kallast Dalsqvíslir, ad 4/9 partar af þessu Heidarlandi skuli frammevegiss tilheira Þóromstúngu og 5/9 partar Forsæludal med Dalkoti, og áskil eg þessi skipti á Heidarlandinu haldist þadanaf hvör helst sem Eigandi Jarðanna frammevegis verda kann, og eins þó Jarðirnar kynni héreptir verda nidursettar ad Hundradatali, svoleidis ad af öllu því afgjaldi og ardi yfirhöfud, hvorju nafni sem heitir, er téð Heidarland af sér géfur tilheiri framveigis 4/9 partar þaraf Þóromstúngu, 4/9 partar Forsæludal og 1/9 partur Dalkoti, enn á medann eg lifi áskil eg mér ad hafa öll not af téðu Heidarlandi hvörjum sem eg svo byggi ádurefndar Jarðir. Þessari minni Rádstöfun til Stadfestu er mitt ásent, tilkvaddra Votta undirskrifud Nöfn og hiásett Signet. Staddur ad Hvammi þann 23ia Martz 1820.

Hinn 16. júní var rituð sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þóromstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði og er hún svohljóðandi:

Hiermed lögfestum vid undirskrifadir eptirskrifud, i okkar sumpart umsiön, sumpart Eigu verandi fiáll-lönd, nefnil: Auðkúluheiði, Þóromstungu og Forsæludalsland, Grímstungu og Haukagilsheidarlönd, einkum i tilliti til grasatekiu, og þaraf rísandi ýmislegs óráðvands umgáangs – Og fyrirbiöðum hiermed einum og sierhverium grasatekt i tiedum löndum, nema leitað sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land, og finni sig í ad gjalda, þann med Dómi af 23. Junii 1810, áqvedna grasa og beitartoll. Hid sama er okkar forbod á um hrísrif. – Mega allir þeir, sem i leyfisleysi ydka grasatekt eda hrísrif móti forbodi þessu i greindum löndum, vidbúast ad mæta tiltali til Lagasekta eptir málavöxtum; enn herra sýslumadur J. Jónsson umbidst þenustuskyllidugast ad upplesa þetta forbod, fyrir nú nærst halldandi Breiðabólssadar, Tinda, Vindhælis, Engihlíðar og Bólstadahlíðar manntalsþings Rétttum.

Lögfestan var síðan lesin upp á manntalsþingum ad Breiðabólstað, Tindum, Bólstaðarhlöð, Engihlóð og Vindhæli í júní og Júlí 1820.

Hinn 21. júní 1820 gerðu allmargir bændur í Torfalækjarhreppi sátta við prófastinn á Auðkúlu vegna þess ad þeir höfðu ekki gert prófastinum skil á fjallatollum til hans í þrjú ár vegna fjárreksturs í Kvíslar. Sátt tókst milli aðila í þá veru ad bændurnir lofuðu ad greiða eftirleiðis prófasti eitt lamb hver í toll en prófastur gaf eftir tolla liðinna tveggja ára en fékk 10 fiska frá hverjum vegna þriðja ársins.

Séra Sigvaldi Snæbjarnarson ritaði sóknarlýsingu fyrir Grímstungukirkjusökni á árinu 1844 en þar segir m.a. svo: „Grímstunguheiði og svokallaðar Dalsqvíslar [þ.e. Forsæludalsvíslar] ásamt Haukagilsheiði. Engir almenningar. Upprekstur fjár á þessar heiðar er fyrir Áss- og Sveinsstaðahreppa. Réttað féð í Grímstungurétt, þá 22. vikur eru af sumri.“

Í jarðmatinu frá 1849 er kafli um Forsæludal og Dalkot og er Dalskvísla getið og sagt ad Forsæludalur eigi 4/9 hluta Dalskvísla og ad þessir hlutar metist á 80 rbd. Dalkot eigi síðan 1/9 hlut Dalskvísla sem metinn er á 20 rbd. Í sama jarðmati er kafli um Þóromstungu þar sem fjallað er um Dalskvíslar með eftirfarandi hætti: „Jörðinni fylgir afrjettarland sem er partur í svokölluðum "Dalskvíslum" er þetta heiðarland tilheyandi jörðunum Þóromstungu Forsæludal og Dalkoti, og liggur suður og upp frá þeim fram til öræfa, ad svokölluðum "Öldum,," er Kúluheiði ad austanverðu fram með Dalskvíslum, og miklu lengra suður og fram fyrir þær, en Grímstunguheiði ad vestan fram með; eru 4/9 hlutir afrjettarlandsins, eða Dalskvísla eign þessarar jarðar, og metast með henni og útaf fyrir sig 80 rbd.“

Hinn 6. maí 1850 var, á manntalsþingi ad Miðhúsum, lesin friðlýsing vegna ágangs af stóði í Dalskvíslum, Kornsarlandi, Víðidalsfjalli og Grímstungu- og Haukagilsheiðum. Löndin voru friðlýst fyrir óheimilum ágangi hrossa en rekstur heimilaður gegn sanngjörnu gjaldi.

Í blaðinu Norðra birtist auglýsing, hinn 28. febrúar 1858, frá Birni Guðmundssyni í Þóromstungu og Brynjólfi Brynjólfssyni í Forsæludal og var hún svohljóðandi:

Vegna þess ad vjer, ráðendur heiðarlandsins Dalskvísla – sem ad stærð og gæðum er álitid nægilegt fyrir 8–10 býli – höfum ad engu verið sæmdir með borgun fyrir þann afarfjölda sauðfjár og stóðhrossa sem af báðumegin aðliggjandi heiðum hefur yfirtroðið þær –, þá bjöðum vjer nú

hverjum sem girnist nýbýli, að koma sem fyrst og semja við oss um byggingu í nefndum Dalskvíslum, sem orðið getur næstum óslitin byggð frá Vatnsdalnum; og til merkis um, að menn ei þurfa að fráfælast þetta, þá gjörum vjer vitanlegt, að 2 dugandismenn hjer í grenndinni sem þekja landið, hafa þegar tjáð sig mjög viljuga til þessa fyrirtækis, [...]

Síðar sama ár birtist auglýsing frá nefndum Brynjólfi í sama blaði þar sem hann lýsir því að hann vilji láta þá vita sem haft höfðu samband við hann vegna fyrri auglýsingarinnar að eigendur landsins kjósi heldur að leigja það en selja. Brynjólfur tekur þó fram að hann sé enn viljugur til að selja sinn hlut gegn álitlegri borgun.

Á manntalsþingi að Tindum sem haldið var 28. júní 1864 var þinglýst banni gegn brúkun á Dalskvíslarlandi. Ekki er getið um inntak bannsins en það fært í dómabók sýslunnar með þessum hætti: „11. Þinglýst banni gegn brúkun á Dalkvíslarlandi.“

Um miðjan desember 1864 seldi Brynjólfur Brynjólfsson Jóni Skúlasyni í Haukagili Forsæludal með hjáleigunni Dalkoti. Í kaupbréfi vegna sölunnar segir m.a.: „[...] ásamt með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum á vatni og landi, sem þessari jarðeign með réttu tilheyra og þar á meðal 5/9 hluta úr heiðarlandinu Dalkvíslum [...]“

Hinn 20. apríl 1874 tóku Svínavatns-, Torfalækjar-, Sveinsstaða- og Áshreppar Dalskvíslar á leigu af eigendum Þórormstungu og Forsæludals. Samningurinn var skráður í dómabók Húnavatnssýslu og í honum kemur fram að hann sé gerður vegna þess að eigendur og umráðamenn afréttarlandsins hafi í mörg ár ekki notið neinna fjallatolla fyrir átroðning þann og usla sem verður af afréttarpeningi hreppanna sem rekinn er á heiðar þær sem liggja að Dalskvíslum. Þykir rétt að úr þessu verði bætt þannig að eigendurnir fái nokkuð fyrir sitt. Samkvæmt samningnum áttu eigendur og umráðamenn Dalskvísla að fá 24 ríkisdali í leigu á ári en þeir áttu á móti að greiða kostnað við hreinsun og grenjavinnslu á landinu. Samningurinn var gerður við tvo af nefndum hreppum með fyrirvara um samþykki hinna tveggja en hreppstjórar þeirra mættu ekki til fundarins.

Á árinu 1882 eignaðist Björn Eysteinnsson Forsæludal ásamt 5/9 hlutum Dalskvísla en Dalskvíslaland virðist hafa verið selt með sérstökum gerningi. Skömmu síðar eignaðist Björn einnig þá 4/9 hluta Dalskvísla sem tilheyrðu Þórormstungu. Björn Eysteinnsson auglýsti Forsæludal til sölu í blaðinu Þjóðólfi 8. október 1886 með eftirfarandi hætti: „Jörðin FORSÆLUDALUR í Vatnsdal í Húnavatnssýslu er til sölu, að undanskildu afrjettarlandinu Hvíslum. Kaupandi getur fengið jörðina til ábúðar í næstu fardögum. Hver sem kynni að vilja kaupa jörðina er beðinn að snúa sjer til Björns Eysteinnssonar á Rjettarhól í Dalshvíslum.“

Af aulýsingunni má sjá að Björn er á þessum tíma fluttur að Réttarhóli í Dalskvíslum en hann mun hafa flutt þangað 1886.

Í apríl 1887 gerðu Björn Eysteinnsson og Hannes Þorvarðarson með sér samning sem lesinn var upp fyrir manntalsþingsrétt að Ási og færður í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 9. júlí 1887. Samningurinn hljóðar svo:

[...] jeg Hannes Þorvarðarson tek hjer með brjefi þessu á móti jörðinni Forsæludal í Vatnsdal að dýrleika 28 ½ hndr. sem með brjefi af 9. febrúar 1883 hefir staðið í veði til mín mót skuldarupphæð 2958 krónum, eins og hún nú kemur fyrir í næstkomandi fardögum með 2 kúgildum að húsum sem tjeðri jörð fylgdi samkvæmt afsalsbrjefi af 10. april 1882. Jörðin Forsæludalur er þannig með brjefi þessu afhent velnefndum Hannesi að fráskildu Hvíslalandi, sem með sjerstöku afsalsbrjefi af 14. janúar 1882 er selt og afhent nefndum Birni Eysteinnssyni, með þeim skilmálum að jeg Björn Eysteinnsson lofa hjermeð að greiða velnefndum Hannesi Þorvarðarsyni 200 (tvö hundruð) krónur sem greiðist að nokru leyti með fjárhúsum sem standa á jörðunni, eptir óvilhallra manna mati, en það sem ekki þannig greiðist af tjeðri upphæð borgist fyrir árslok 1888. Ennfremur lofa jeg Björn Eysteinnsson að greiða ársrentu 4% af 2958 krónum eða að upphæð 118 (hundrað og átján) krónur í peningum á næstkomandi hausti 1887. Sömuleiðis er hjermeð áskilið að samþykkt að Forsæludalsábúandi hafi framvegis sem hingað til fullan rjett til að reka lömb sín á Hvíslaland fyrir vestan Miðhvísl.

Björn Eysteinnsson skrifaði amtmanni bréf 12. febrúar 1887. Í bréfinu greinir hann frá kaupum sínum á Forsæludal og heiðarlandinu Dalskvíslum. Tók hann fram að heiðarlandið væri ekki notað frá

Forsæludal sökum fjarlægðar auk þess sem notkun þess þaðan væri óþörf þar sem landrymi væri nægjanlegt heima við. Hann hafi gefið hreppunum kost á að leigja landið en þeir hafi ekki viljað greiða fyrir það en hann hafi þó fengið lítilfjörlega þóknun frá tveimur þeirra. Hann geti því ekki lengur unað við að eiga landið, sem bæði er gott og víðlent, en hafa af því byrði en jafnframt vita til þess að landið liggja undir ágangi afréttarpenings. Hann hafi leigt Forsæludal öðrum en sjálfur flutt búferlum í Dalskvíslar og byggt þar bæ sem hann nefni Réttarhól. Í bréfinu upplýsir Björn amtmann um að hann eigi þetta land og enginn annar geri tilkall til þess. Telur hann því óþarfa að auglýsa áætlun sína um að taka þar upp nýbýli. Biður hann amtmann um að hlutast til um að hann hljóti þau hlunnindi og réttindi sem nýbýlatilskipunin frá 1776 veiti honum eins fljótt og auðið er.

Amtmaður brást við bréfi Björns með því að rita sýslumanni bréf 18. apríl 1887. Amtmaður spyr sýslumann hvort byggð Björns ætti e.t.v. heldur að skoða sem afbýli samkvæmt rentukammerbréfi frá 26. febrúar 1842. Sýslumaður var seinn til svara og ritaði amtmannur honum á ný 31. október 1887 og óskaði eftir umsögn um nýbýlastofnunina. Í svarbréfi sýslumanns 8. nóvember 1887 segir m.a.:

[...] Dalskvíslar hafa í ómunatíð verið óbyggt heiðarland, notað til uppreksturs, og tilheyrandi jörðunum Forsæludal og Þórormstungu, en afmarkað frá heimalöndum jarða þessara, og er það þannig selt Birni Eysteinsyni með ákveðnum ummerkjum allt í kring; þó hjer sje því ekki að ræða um nýbýli, þar sem byggð hefir lagst í eyði í ómunatíð (sbr. tilskipun 15. apríl 1776, 5. gr.) svo að hin fyrirskipaða auglýsing um upptekning nýbýlisins samkv. 4. gr. tjéðrar tilskipunar mætti burtfalla, þá virðist eigi að síður slík auglýsing ekki vera nauðsynleg eða viðeigandi, þar sem hjer er spurning um afmarkað heiðarland, er nýlega hefir verið selt sækjanda undan tveim jörðum, sem frjáls og átölulaus eign jarða þessara. Hvað þvínæst það atriði snertir hvort byggð sækjanda í Dalskvíslum eigi megi öllu fremur álitast afbýli, þá fæ jeg ekki sjeð að svo verði álitid, með því þetta umrædda heiðarland hefir alls ekki verið notað frá jörðum þeim, sem það lá undir, nema til uppreksturs, og jarðir þessar halda landsnytjum sínum óskertum að öllu, svo dýrleiki þeirra og leigumáli hlýtur að haldast óbreyttur, þótt heiðarland þetta sje undan þeim selt.

Amtmaður svaraði bréfi sýslumanns 3. janúar 1888 og fer þess á leit að Birni verði tilkynnt að ekki sé unnt að verða við beiðni hans þótt hann sé eigandi heiðarlandsins og það hafi verið selt undan Forsæludal og Þórormstungu með ákveðnum ummerkjum því að hér sé ekki spursmál um nýbýli þar sem byggð hefur verið í eyði frá ómunatíð heldur afréttarland sem ábúendur nefndra jarða og sveitarfélög kunni að hafa nokkurt tilkall til, sbr. 4. gr. tilskipunar frá 15. apríl 1776. Amtmaður segir jafnframt að því fylgi hvorki mikill kostnaður né fyrirhöfn fyrir Björn að fylgja þessu formsatriði. Eftir að Björn hafi fengið auglýsingu birta sé ekkert því til fyrirstöðu að amtmannur hlutist til um að sýslumaður ásamt tilkvöddum mönnum ríði á umrætt land. Í framhaldinu kynnti sýslumaður Birni niðurstöðu amtmanns. Björn gerði síðan það sem fyrir hann var lagt og var svohljóðandi auglýsing lesin upp í landsyfirdómi 19. mars 1888:

Jeg undirskrifaður gjöri kunnugt, að jeg hefi tekið upp nýbýli á eignarlandi mínu Dalskvíslum milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, og hefi eg þegar farið þess á leit, að mjer verði veitt þau rjettindi og hlunnindi, sem tilsk. 15. apríl 1776 ákveður. Ef nokkur kynni að þykjast eiga tilkall til þessa lands, skora jeg á hann að lýsa tilkalli sínu fyrir amtmanninum yfir norður- og austur-amtinu, innan 4 mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar, sem einnig verður lesin í landsyfirdóminum.

Rjettarhóli í Dalskvíslum, 2. marz 1888

Með bréfi dagsettu 6. ágúst 1888 fyrirskipaði amtmannur sýslumanni að annast áreið á Dalskvíslar vegna stofnunar nýbýlis Björns Eysteinssonar þar. Í bréfi amtmanns er greint frá því að Björn hafi óskað eftir því að honum verði útvísað landi til stofnunar nýbýlis. Landið er sagt hafa tilheyrt Forsæludal og Þórormstungu en talið að Björn hafi keypt það með sérstökum ummerkjum. Björn hafi látið auglýsa í landsyfirrétti og birta auglýsinguna en enginn hafi komið fram með eignartilkall til landsins. Amtmaður skikkar síðan sýslumanninn í Húnavatnssýslu ásamt fjórum valinkunnum og óvilhöllum mönnum til að gera áreið á landið og eftir löglegan undirbúning gera ályktun um það hvort land þetta skuli útvísað til nýbýlis eftir fyrirmælum sem tilskipun 15. apríl 1776 inniheldur, sér í lagi 1.-4. gr. og 6. og 7. gr. tilskipunarinnar. Í framhaldi af þessu skipaði sýslumaður fjóra nafngreinda menn til að vera áreiðar- og matsmenn vegna áreiðar sem fara átti fram 26. ágúst 1889. Áreiðarmenn mættu að Réttarhóli þann dag og

unnu eið að því að vinna verk sitt eftir bestu vitund. Áreiðin fór fram og um hana er ritað í dómabók með eftirfarandi hætti:

Ár 1889 mánudaginn hinn 26. ágúst var sýslumaður í Húnavatnssýslu Lárus Blöndal staddur að býlinu Rjettarhóli í Dalskvíslum sem samkvæmt skipunarbrjefi amtmannsins í Norður og Austuramtinu dags. 17. október f. á. ásamt fjórum tilkvöddum áreiðar og matsmönnum, þeim bændunum Birni Sigfússyni í Grímstungu, Birni Guðmundssyni á Marðarnúpi, Gísla Guðlaugssyni í Forsæludal og Guðmundi Þorsteinssyni í Holti, til þess eptir fyrir mælum í tilskipun 15. apríl 1776 að gjöra áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar, sem áður tilheyrði jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, en sem bóndinn Björn Eysteinnsson á Rjettarhóli hefur keypt af eigendum tjeðra jarða og að undangengnum lögformlegum undirbúningi hefir óskað að upptaka sem nýbýli. Þess er að geta, að sýslumaður hefur með nægum fyrirvara boðað til áreiðargjörðar þessarar, eigendur og umráðamenn jarða þeirra, sem liggja að Dalskvísla landi, þá bændurna Bjarna Snæbjarnarson í Þórormstungu, Hannes Þorvarðarson á Haukagili, og prestinn sjera Stefán Jónsson á Auðkúlu, sem allir eru persónulega mættir. Bóndinn Björn Eysteinnsson var og persónulega viðstaddur, og sýndi heimildarskjal sitt eða afsalsbrjef fyrir Dalskvíslum, dags. 14. janúar 1882. Eptir að hinir tilkvöddu áreiðarmenn höfðu unnið hinn lögboðna eið, var gjörð áreið á áður nefnt Dalskvíslaland. Enginn hefur gjört eignar tilkall til lands þessa annar en Björn bóndi Eysteinnsson og enginn hafið mómæli gegn útvísunargjörðinni. Þar sem Dalskvíslaland alls ekki hefur verið notað nje verður notað frá jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, er það samhuga álit sýslumanns og áreiðarmanna, að jarðir þessar, þrátt fyrir afsal lands þessa, og útvísun á því til nýbýlis, haldi landsnytjum sínum óskertum þannig að jafnmikil áhöfn geti eptir sem áður framfleytst á þeim og leigumálinn verið hinn sami, jafnvel þótt hugsanlegt væri, að dýrleiki jarða þessara kynni við nýtt jarðamat að lækka lítið eitt (í notum þess að jörðunum báru fjallatollar nokkrir fyrir upprekstra í Dalskvíslalandi, en fjallatollar þessir hafa ekki goldizt um langan tíma. Samkvæmt fyrrgreindu afsalsbrjefi fyrir Dalskvíslalandi eru merki þess: að utan yfir Bótarfjall vestur að Vatnsdalsá, til austurs yfir Eyjavatn utan til austur á reiðgötur, þaðan til suðurs sem vötn að draga til Vatnsdalsár, að vestan ræður Vatnsdalsá og Strangakvísl. Sýslumaður og hinir tilkvöddu áreiðarmenn gjörðu þá ályktun að af hinu afsalaða Dalskvíslalandi skyldi bóndanum Birni Eysteinnssyni útvísað nýbýlisland með þessum ummerkjum: að austan ræður sjónhendíng frá svokallaðri Karittingatjörn (Karyrlingatjörn) í krókinn á Fellakvísl vestanvert þar sem Kolkukvísl fellur í hana; úr því ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhendíng í norðari Búrfjallahala, að sunnan sjónhendíng frá Fellakvísl um Áfangafell til Stóra-steins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár, og þaðan Vatnsdalsá út á móts við Bótarfjall, að utan (norðan) eru merkin: úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur á reiðgötur. Það skal sjerstaklega tekið fram, að presturinn sjera Stefán Jónsson er, sem umráðamaður Auðkúluheiðar samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan. Verður þannig óúthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi svæðið frá Áfangafelli, fram á svokallaðar Öldur, sem er mjög ófrjótt land og landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar, sem jarðirnar Forsæludalur og Þórormstunga hafa frían upprekstur í. Nýbýlislandið er öldótt heiðarland með víðlendum móa- og melbungum, og allstórum ljósastarar og brokflám, sem víða eru allgóðar til slægna; málnytuhagar eru góðir. Til hlunninda má telja nokkra silungsveiði og hæga grasatekju. Er svo áreiðar- og matsgjörð þessari hjer með lokið og til staðfestu undirrituð af hlutaðeigendum.

Sýslumaður sendi amtmanni endurrit þingbókarinnar og skrifaði amtmaður sýslumanni bréf 17. október 1889 og sendi með nýbyggingarbréf sem hann bað sýslumann um að afhenda Birni. Nýbyggingarbréfið er svohljóðandi:

Julíus Havsteen, amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu r. af dbr. [strikað yfir: Gjörir] Kunngjörir: að með því Björn Eysteinnsson, samkvæmt tilsk. 15. apríl 1776, hefir með skoðunargjörð, er framkvæmd var af sýslumanninum í Húnavatnssýslu með fjórum tilkvöddum, óvilhöllum mönnum, 26. ágúst þ.á., fengið útvísað land til nýbýlis í svonefndum Dalskvíslum eða Kvíslalandi, með þessum ummerkjum: Að austan ræður sjónhendíng frá svokallaðri

Karittlingatjörn (Karyrtlingatjörn) í krókinn í Fellakvísl vestanvert, þar sem Kolkukvísl [strikað yfir: rennur, fellur ofan línu] fellur í hana; úr því [því, tvítekið] ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjalla hala; að sunnan sjónhending frá Fellakvísl um Áfangafell til Stórusteins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár og þaðan Vatnsdalsá [strikað yfir: fyrir yfir] út á móts við Bótarfjall; að utan (norðan) [strikað yfir: eru merkin:] úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur í reiðgötur, [strikað yfir: Er úthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi svæðið frá Áfangafelli framá svokallaðar Øldur og landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar.] – þá veitist nefndum Birni Eysteinsyni hjermeð nýbyggjararjettur yfir hinu tilgreinda landi með þeim skyldum og rjettindum og undanþágum, sem í ofangreindri tilskipun [strikað yfir: eru] eru heimilaðar. [strikað yfir: þó að óskertum rjetti sjerhvers annars manns ef sannaður verður]

Sýslumaður sendi Birni Eysteinsyni nýbyggingarbréfið 29. október 1889.

Hinn 24. nóvember 1890 selur Erlendur Eysteinson sem umboðsmaður Björns bróður síns fjórum hreppum Dalskvíslarland og var um söluna gerður svofelldur kaupsamningur:

1. Jeg Erlendur Eysteinson sel ofanefndum sveitarfjelögum í Svínavatns, Torfalækjar, Áss og Sveinsstaðahreppum hið svokallaða Dalskvíslaland í Áshreppi með öllum rjettindum og skyldum sem landsparti þessum fylgir, eins og jeg hefi keypt hann nefnilega: að Forsæludalur og Þóromstunga eigi frían upprekstur á geldfje sitt, að undanteknu stóði. – Viðir í húsum eru ekki með í kaupinu.

2. Kaupverðið er 1200 – tólf hundruð – krónur og greiðist það mjer á næsta vori um leið og jeg flyt burtu, sem verða skal 14 maí næstkomandi.

3. Seljandi skal gefa kaupanda afsalsbrjef strax og kaupverð er greitt.

4. Kostnað þann sem leiðir af kaupgjörningi þessum skal kaupandi greiða en seljandi svarar til lagariptinga.

5. Kaupendur ganga að þessum kaupum uppá væntanlegt samþykki hreppsþúa, og sýslunefndar

Í bréfi sem ritað er til sýslumanns fyrir hönd Svínavatnshrepps vegna kaupa á Dalskvíslarlandi 3. janúar 1891 kemur fram að eigandi landsins, Björn Eysteinson, hafi búið þar í nokkur ár en hreppsþúum viðist búsetan skaðleg fyrir þá sem nota afréttina sem liggja að Kvíslarlandi á báðar hliðar vegna ónæðis sem afréttarpeningurinn verður fyrir af ábúandanum, sem eins og vonlegt er ver land sitt fyrir honum. Telja þeir þetta ónæði geta átt þátt í verri fjárheimtum liðin haust og þá verði féð vænna ef það fær að vera á afréttinni ónæðislaust. Í bréfinu er lagt til að upprekstrarfélögin sem reka á Auðkúlu- og Grímstunguheiðar kaupi Kvíslarlandið og búskapur leggist þá þar niður og vissa yrði fengin fyrir því að þar yrði ekki reist byggð framar.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919 þar sem þeir voru beðnir um að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem töldust vera almenningar svo og um afréttarlönd sem hafi sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli. Bogi Brynjólfsson sýslumaður svaraði erindinu með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Í því kemur fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi aflað sér sé ekkert slíkt svæði að finna í sýslunni nema Almennungur á Skagaheiði.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu kemur fram að níu nafngreindir bæir í Torfalækjarhreppi eigi upprekstur í Forsæludalskvíslar og þá skuli fimm nafngreindir bæir í Áshreppi einnig eiga þangað upprekstur.

Í ritinu Göngur og réttir II frá árinu 1949 er greint frá upprekstri Ás- og Sveinsstaðahreppa á afréttarlönd suður af Vatnsdal:

Suður af Vatnsdal eru góð og víðlend afréttarlönd, sem Ás- og Sveinsstaðahreppar eiga sameiginlega upprekstur á. Þessi sameiginlegu réttindi kallast Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar. Auk hins sameiginlega afréttarlands fylgja stór heimalönd, er ná til hálsa og heiða, ýmsum jörðum fremst í Vatnsdal.

[...]

Þótt afréttarlöndin séu venjulega kölluð Grímstunguheiði, voru þau áður heimalönd ýmissa jarða. Austast eru Forsæludalskvíslar, sem fyrr voru heimalönd Forsæludals, en 1891 voru Kvíslar seldar upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, sem á nú fjórða hluta landsins. Þar

eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross. Árið 1866 [svo] byggði Björn Eysteinnsson, síðar bóndi í Grímstungu, býlið Réttarholt [svo] í Kvíslum. Bjó hann þar í 5 ár, og græddist vel fé. Er þar nærtækt til veiðifanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir. Björn var annálaður fyrir ratvísi og leitarferðir. Verður hans nánar getið síðar. Vestanvert við Forsæludalskvíslar er Grímstunguheiði og Lambatungur, sem fylgdu henni hálfar. Vatnsdalsá skilur Kvíslar og Grímstunguheiði, en Bríkarkvísl Grímstunguheiði og Lambatungur. Vestast er Haukagilsheiði. Henni fylgdu hálfar Lambatungur. Álftaskálará skilur Lambatungur og Haukagilsheiði. Merki milli Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar er lína, sem horfir frá Fremrihlíðarklettum að Bláfelli á Stórasandi. Fyrr á tímum voru heiðalönd þessi eign samnefndra jarða. Höfðu þá flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjallatollur. Varð það haustlamb frá hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna.

Í lok aprílmánaðar 1960 gerðu eigendur Forsæludals og upprekstrarfélög Auðkúlu- og Grímstunguheiða með sér samning um uppsetningu og viðhald girðingar milli heimalands Forsæludals og afréttarinnar Forsæludalskvísla. Í samningunum er legu girðingarinnar lýst svo: „Girðingin er staðsett þar sem gamla varnargirðingin liggur úr Vatnsdalsá á mótí Svínavatnslækjarósi suður og austur yfir Bót austur í Friðmundarvatn vestara. Á girðingunni séu þrjú hlið: eitt við Vatnsdalsá, annað á há Bót og það þriðja á Mosaás.“

Konráð Eggertsson og Pétur Ólafsson tóku saman skrá yfir afrétti fyrir Ás- og Sveinstaðahreppa og er hún dagsett 4. maí 1981. Þar kemur fram að Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar eigi Dalskvíslar að $\frac{3}{4}$ hlutum og Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa eigi $\frac{1}{4}$ hlut. Í skránni er merkjum Dalskvísla lýst svo: „Dalskvíslar eru sunnan við Dalsland. Að austan er Auðkúluheiði. Að vestan ræður Vatnsdalsá, allt til hennar upptaka. Svo beint til suðurs til jökla.“ Í sömu skrá er Dalslandi lýst með svofelldum hætti: „Dalsland er sunnan við afréttargirðinguna austan við Vatnsdalsá. Merki milli þess og Dalskvísla eru bein lína frá Vatnsdalsá, móts við Svínavatnslækjarós, í vörðu á há Bótarfelli. Þaðan austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vegu frá tanga þeim er gengur lengst í suður fyrir austan vík þá er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu. Að austan er Auðkúluheiði.“

Hinn 26. ágúst 1985 var gerð svohljóðandi landamerkjaskrá fyrir Dalkvíslar:

Að norðan: Úr Vatnsdalsá, móts við Svínavatnslækjarós, ræður bein lína í vörðu í há Bótarfelli. Þaðan austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vegu frá tanga þeim sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu, alla leið austur í Káryrðlingatjörn og er það hornmerki að norðan og austan.

Að austan: Úr Káryrðlingatjörn ræður sjónhending í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá ræður Fellakvísl til upptaka og þaðan bein lína í norðurenda Langjökuls og er það hornmerki að austan og sunnan.

Að sunnan: Fjórðungsmörk ráða, en þau eru: Úr norðurenda Langjökuls ræður bein lína í Lyklafell. Úr Lyklafelli ræður sjónhending, fyrir norðan Álfavötn og Fljótadrög, í Réttarvatnstanga.

Að vestan: Úr fjórðungsmörkum ræður bein lína til upptaka Ströngukvíslar. Síðan ræður Strangakvísl til Vatnsdalsár. Þá ræður Vatnsdalsá alla leið til móts við Svínavatnslækjarós og er það hornmerki að vestan og norðan.

Eigendur Dalskvísla samþykktu landamerkjaskrána og rituðu oddvitar Ás-, Sveinsstaða-, Svínavatns- og Torfalækjarhreppa undir hana. Sama gerðu eigendur og forsvarsmenn þeirra jarða og heiðarlanda sem land áttu að Dalskvíslum.

III

Málsástæður og lagarök

Af hálfu stefnenda er á því byggt að hið umþrætta landsvæði hafi verið numið í öndverðu og sá eignarréttur sem þá skapaðist hafi ekki fallið niður. Stefnandi vísar til þinglýsts landamerkjabréfs Forsæludals frá 29. júlí 1890, útskiptingarafsals-/kaupsamnings frá 24. nóvember 1890 og þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða.

Stefnendur vísa kröfum sínum til stuðnings einnig til þess að fullur hefðartími sé liðinn frá því að nefndu landamerkjabréfi og útskiptingarafsali var þinglýst og frá því tímamarki hafi ekki aðrir notað landið með nokkrum hætti en eigendur þess, sem farið hafa með öll hefðbundin eignarréttindi yfir svæðinu og bannað öðrum not þess. Raunar hafi öll nýting þrætusvæðisins verið háð leyfi frá eigendum þess.

Stefnendur byggja á því að sá sem vefengir þinglýstar eignarheimildir beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni. Stefnendur vísa til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna á milli og því reisi þeir kröfu sína einnig á viðskiptavenju. Grundvallarregla um réttaröryggi í viðskiptum geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Þannig verði að vera unnt að treysta lagalegri þýðingu gagna um lögskipti manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á svæði því sem deilt er um í málinu. Gildi þeirra gagna sem sýni eignarrétt stefnenda eigi sér örugga stoð í venjurétti sem reistur er á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Hvað þetta varðar vísa stefnendur sérstaklega til þess sem fram kemur í athugasemdum við 5. gr. Þjóðlendluga. Þá skipti hér einnig miklu að stefnendur hafa um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og að eigendur aðliggjandi svæða hafi virt og viðurkennt þau merki.

Stefnendur benda á að ríkisvaldið hafi í aldanna rás ítrekað viðurkennt að svæðið sé háð eignarrétti þeirra og raunar ekki haldið öðru fram. Þetta megi m.a. ráða af því að öllum heimildarskjölum eigenda Forsæludalskvísla hafi verið þinglýst án athugasemda og þau aldrei vefngd. Með þessari háttsemi hafi stefndi glatað rétti sínum til að hafa uppi vefngingarkröfu nú sökum fyrningar og tómlætis. Þá vísa stefnendur til almennra reglna um ítaksrétt og stofnun ítaka, meginreglna um traustfang og tómlæti. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þessa í úrlausnum sínum varðandi eignarrétt og litið til þess hvaða væntingar einstaklingar máttu hafa um eignarhald sitt þegar litið er til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindum landeigenda. Einnig vísa stefnendur til lýsinga Landnámu á landnámi í Húnaþingi en Landnáma hafi verið túlkuð þannig að hún styðji við beinan eignarrétt. Í þessu sambandi benda stefnendur á dóma Hæstaréttar Íslands sem birtir eru í dómasafni réttarins fyrir árin 1960, bls. 726, og 1994, bls. 2228. Auk þess hafi óbyggðanefnd komist að sömu niðurstöðu í almennum niðurstöðum sínum.

Að mati stefnenda verður einnig að líta til þess að innan kröfusvæðisins eru leifar og tóftir mannvirkja sem styðja gamlar heimildir um búsetu þar og landið því af þeim sökum beinum eignarrétti háð. Um þetta benda stefnendur á örnefnaskrár en þar komi fram að í Forsæludalskvíslum hafi verið reist nýbýlið Réttarhóll.

Stefnendur halda því fram að þótt landið hafi einkum verið nýtt til beitar gefi það ekki til kynna að það hafi einungis verið numið til slíkrar notkunar eða einhvers konar takmarkaðra nota. Þvert á móti hafi eigendur svæðisins haft öll eignarráð þess, nýtt það og haft af því tekjur. Heimamenn túlki orðið afréttur sem beutiland jarðarinnar. Slík lönd sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í víðustu merkingu þess orðs séu fullkomin eignarlönd enda viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið.

Að mati stefnenda dregur óbyggðanefnd suðurmörk Forsæludals með óeðlilegum hætti. Línan sé dregin nákvæmlega þar sem mörkin voru ákveðin þegar land Forsæludals var selt til upprekstrarfélaga. Engin skil séu í landinu á þessum stað og með ólíkindum að landnámi til suðurs hafi lokið nákvæmlega þar sem markalínan var dregin hundruðum ára síðar þegar suðurhluti landsins var seldur upprekstrarfélögum. Gögn málsins styðji ekki á nokkurn hátt að landnámi til suðurs hafi lokið þarna og þá séu engin landfræðileg rök sem leitt geti til þeirrar niðurstöðu. Afréttarlöndin, þ.e. lönd Forsæludalskvísla, Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar og Lambatungna, eru suðurhlutar bújarðar sem gengið hafi kaupum og solum.

Varðandi varakröfu sína byggja stefnendur á því að við landnám hafi land Forsæludals að minnsta kosti náð suður á Öldur. Þessa megi finna stað í eldri heimildarskjölum sem rakin eru í úrskurði óbyggðanefndar.

Þrautavarakrafa byggist á því að landið sem liggur norðan og austan línu sem dregin er frá Áfangafelli til Stóra steins við Miðkvísl og fylgir síðan Miðkvísl til Vatnsdalsár hafi verið útmælt til þess að tilheyra nýbýlinu Réttarhóli með áreið á landið 26. ágúst 1889. Við áreiðina hafi skýrt komið fram að til nýbýlisins falli eignarland sem áður hafi tilheyrt Forsæludal og Þórormstungu.

Hvað lagarök varðar vísa stefnendur til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og 65. gr. hennar um jafnræði. Jafnframt vísa stefnendur til meginreglna stjórnarsýsluréttar um málsmeðferð, laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlenda og afrétta nr. 58/1998, til laga um hefð nr. 46/1905, laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986, laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, til sáttmálans sjálf og viðauka við hann, sérstaklega 1. gr. 1. viðauka. Einnig til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum 11. gr. laganna og til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Hvað málskostnað varðar vísa stefnendur til 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda er á því byggt að Forsæludalskvíslar séu svæði utan eignarlanda og telist því þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Stefndi telur ljóst að af heimildum verði ekki annað ráðið en að hið umþrætta landsvæði hafi aldei verið undirorpið beinum eignarrétti og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Sönnunarbyrði hvíli á stefnendum að sýna fram á beinan eignarrétt sinn en það hafi þeim ekki tekist.

Stefndi vísar til þess að úrskurður óbyggðanefndar sé byggður á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum. Niðurstaðan nefndarinnar sé fengin eftir kerfisbundna leit að gögnum, skjölum frá aðilum málsins og skýrslum sem gefnar voru fyrir nefndinni. Óbyggðanefnd hafi síðan komist að þeirri niðurstöðu að við gildistöku þjóðlendlaga hafi þrætusvæðið talist til afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til gildistöku þjóðlendlaga. Í því sambandi hafi nefndin vísað til kaupa Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðahreppa á Forsæludalskvíslum með kaupsamningi, dagsettum 24. nóvember 1890, og nýtingar svæðisins á þeim grundvelli. Niðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að ekki hafi verið sýnt fram á að Forsæludalskvíslar væru eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Stefndi gerir því forsendur og niðurstöðu óbyggðanefndar að sínum til stuðnings kröfu sinni um sýknu auk þeirra málsástæðna sem hann færir fram í greinargerð sinni.

Stefndi telur að af Landnámu verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um landnám á þrætusvæðinu og því sé ósannað að það hafi verið numið í öndverðu. Því verði ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám náði og vísar hann í þessu sambandi t.d. til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 350/2011. Að teknu tilliti til staðhátta og fjarlægða telur stefndi ólíklegt að svæðið hafi verið numið í heild. Vera kunnir að hluti svæðisins, einkum norðari hlutinn, hafi verið numinn en vafi um þetta aukist eftir því sem lengra er komið inn til landsins. Hvað sem landnámi líður liggi ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þannig kann að hafa verið stofnað til á svæðinu. Sá beini eignarréttur hafi því fallið niður og svæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að ekki sé unnt að líta til þeirra heimilda sem stefnendur vísa til um nám í öndverðu enda hafi bæði verið gerð landamerkjabréf fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, auk þess hafi afsöl og sambærileg skjöl ekki þýðingu varðandi stofnun beins eignarréttar í öndverðu. Líta verði til þess að stefnandi segist byggja á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða án þess að leggja slík bréf fram.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi einnig til þess að Forsæludalskvíslar hafi verið aðskildar frá jörðinni Forsæludal og álitnar sérstakt svæði sem allt frá fornu fari hafi verið nýtt til sumarþeirra eða annarra takmarkaðra nota en slík nýting stofni ekki beinan eignarrétt. Skammvinn búseta að Réttarhóli fái þessu ekki breytt. Forsæludalskvíslar hafi því ekki tilheyrt jörðinni Forsæludal með sama hætti og annað land hennar heldur hafi þær haft aðra eignarréttarlega stöðu. Af elstu heimildum, sem ná aftur til 15. aldar, megi ráða að Forsæludalskvíslar hafi heyrt undir Forsæludal sem hafi verið sérstök jörð. Yfirleitt hafi kvíslanna ekki verið getið sérstaklega eða hitt að vísað sé til þeirra sem afréttar Forsæludals eða með öðrum sérstökum hætti. Sem dæmi vísar stefndi til dóms Jóns lögmanns Jónssonar frá 26. október 1583 „um rekstra á Dals og Kulu heidar“ og umfjöllun í Jarðabókum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem vísað er í afrétt jarðarinnar Forsæludals í Forsæludalskvíslum.

Stefndi bendir á að elsta heimildin fyrir landamerkjum Forsæludalskvísla sé lögfesta frá árinu 1806 en hana gerði Bjarni Steindórsson í Þórormstungu. Bjarni átti á þessum tíma jarðirnar Þórormstungu og Forsæludal og lýsti lögfestan landamerkjum beggja jarðanna án sérstakrar aðgreiningar og án þess að Forsæludalur eða Forsæludalskvíslar séu sérstaklega tilgreindar. Þremur árum síðar lögfesti Bjarni sameiginlega jarðir sínar Þórormstungu og Forsæludal og lýsir merkjum jarðanna sameiginlega og án aðgreiningar og þá lýsir hann einnig Forsæludalskvíslum án þess að tilgreina þær sérstaklega. Stefndi telur

að lögfestur þessar styðji ekki kröfu stefnenda um beinan eignarrétt á svæðinu enda sé þar lýst merkjum tveggja sjálfstæðra jarða og Forsæludalskvísla án þess að gerð sé aðgreining á svæðunum. Því verði af lögfestunum ekki dregin ályktun um það hvort litið hafi verið á Forsæludalskvíslar sem hluta af Forsæludal eða sjálfstæða einingu. Einnig verði að horfa til þess að í lögfestunum fólust yfirlýsingar um óbein eignarréttindi á því svæði sem lýsing þeirra tók til. Loks verði hvað lögfesturnar varðar að horfa til þess að þær eru ekki í samræmi við lýsingar eldri heimilda á svæðinu.

Stefndi heldur því fram að af ráðstöfun Bjarna Steindórssonar á Forsæludalskvíslum á árinu 1820, þannig að 4/9 hlutar kvíslanna skyldu tilheyra áðurnefndum eignarjörðum hans og 1/9 Dalkoti, megi ráða að hann hafi ekki verið að ráðstafa eignarlandi heldur svæði sem háð væri takmörkuðum réttindum hans. Í þessu sambandi vísar stefndi einnig til sameiginlegrar lögfestu Auðkúluheiðar, Þóroormstungu- og Forsæludalslands, Grímstungu- og Haukagilsheiða frá 16. júní 1820. Í jarðamati frá 1849 komi fram sérstök lýsing á merkjum afréttarlandsins Forsæludalskvísla og þær aðgreindar frá Forsæludal. Þá sé tekið fram í kaupbréfi frá 1864, þegar Brynjólfur Brynjólfsson selur Forsæludal, að með í kaupunum fylgi 5/9 hlutar úr heiðarlandinu Dalskvíslum.

Af hálfu stefnda er á því byggt að Björn Eysteinnsson, sem eignaðist Forsæludal 1882 ásamt hluta jarðarinnar í Forsæludalskvíslum og síðar einnig hluta Þóroormstungu, hafi ekki getað selt þeim fjórum hreppum sem stefnendur leiða rétt sinn frá meiri réttindi en hann átti. Í áreiðarskjali sem útbúið var 1889 í tengslum við flutning Björns að Réttarhóli sé merkjum býlisins lýst sem og því svæði innan Forsæludalskvísla sem ekki skyldi tilheyra býlinu. Af gögnum í tengslum við áreiðina megi ráða að gengið hafi verið út frá því að Forsæludalskvíslar væru heiðar- og upprekstrarland, óbyggt í ómunatíð. Stefndi heldur því fram að þegar Björn Eysteinnsson seldi hreppunum Forsæludalskvíslar í nóvember 1890 bendi orðalag og framsetning kaupsamningsins, sem og samskipti í aðdraganda hans, til þess að Björn hafi verið að selja og hrepparnir að kaupa afréttareign fremur en fullkomið eignarland. Í þessu sambandi bendir stefndi á dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 247/1994, 66/1996, 294/2010, 411/2012 og 413/2012. Einnig verði að meta efnislegt innihald lögskiptanna á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks réttar að sá sem telur til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi geti ekki veitt viðtakandanum viðtækari heimildir en hann sjálfur átti. Þá hafi kaupsamningurinn ekki getað vakið væntingar hjá kaupendunum um að þeir væru að eignast annað og meira en afnotaréttindi þau sem seljandinn hafði að landinu.

Stefndi bendir á að sama ár og kaupsamningurinn um kaup hreppanna á Forsæludalskvíslum var undirritaður hafi verið gerð landamerkjabréf fyrir Forsæludal og Þóroormstungu. Á þessum landamerkjabréfum geti stefnendur ekki byggt neinn rétt enda í þeim eingöngu vísað til þess að bæirnir eigi upprekstur í Dalskvíslar. Horfa verði til þess að frá öndverðu hafi borið að afmarka landsvæði hveirrar jarðar með landamerkjum. Nefnd landamerkjabréf fyrir Forsæludal og Þóroormstungu og skortur á landamerkjabréfi fyrir Forsæludalskvíslar bendi til þess að landsvæðið hafi talist og teljist enn utan eignarlanda. Hér skipti ekki máli að landamerkjabréfunum var þinglýst enda í þeim eingöngu lýst óbeinum eignarréttindum. Stefndi vísar jafnframt til samnings um uppsetningu og viðhald girðingar milli heimalands Forsæludals og afréttarinnar sem gerður var á árinu 1960. Sá samningur gefur að mati stefnda ekki til kynna að Forsæludalskvíslar hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti eða að svo hafi verið litið á. Stefndi byggir á því að heimildir þær sem fyrir liggja í málinu eigi það sameiginlegt að yfirleitt sé fjallað sérstaklega um Forsæludalskvíslar og vísað til þeirra sem afréttar eða afréttarlands aðskildar frá öðru landi jarðarinnar Forsæludals. Því sé þrætusvæðið þjóðlenda í afréttareigu stefnenda enda sú niðurstaða í samræmi við niðurstöður hjá dómstólum í sambærilegum málum.

Hvað búsetu á Réttarhóli á árunum 1886-1890 varðar þá liggja fyrir að Björn Eysteinnsson hafi hlutast til um að fá þau réttindi og hlunnindi sem nýbýlatilskipunin frá 15. apríl 1776 myndi veita honum. Auglýsing um upptöku nýbýlis hafi réttilega verið birt og þá hafi farið fram áreið á landið vegna upptöku nýbýlisins. Birni hafi í framhaldinu verið útvísað nýbýlislandi með tilteknum landamerkjum. Heimildir bendi einnig, að því er virðist, til þess að Björn hafi fengið byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlisins. Það bréf hafi hins vegar ekki fundist og engar heimildir séu um þinglýsingu þess en samkvæmt tilskipuninni hafi verið skylt að þinglýsa slíkum bréfum og hvíldi skylda til þinglýsingarinnar á Birni sjálfum. Slíka skyldu hafi einnig verið að finna í tilskipun frá 24. apríl 1833 um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi. Stefndi

heldur því af þessum sökum fram að ekki hafi komið til fullnaðrar nýbýlastofnunar á Réttarhóli í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar sem breytt gat eignarréttarlegri stöðu þess svæðis sem lýst er í áreiðarskjalinu. Hin ófullkomna stofnun nýbýlis á Réttarhóli geti því ekki stutt dómkröfur stefnenda og þá sérstaklega þrautavarakröfu þeirra sem grundvallist á stofnun nýbýlisins.

Af hálfu stefnda er því hafnað að skilyrði eignarhefðar séu til staðar í máli þessu og vísar hann til áðurrakinna sjónarmiða varðandi nýtingu landsins, staðhætti og eldri heimildir. Skammvinn búseta hafi verið á Réttarhóli en engin önnur gögn séu til um heilsársbúsetu á þrætusvæðinu. Í málinu liggja ekkert fyrir um að umráðum svæðisins hafi nokkru sinni eftir hina skammvinnu búsetu á Réttarhóli verið þannig háttáð að þau geti hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Því hafi beinn eignarréttur að Forsæludalskvíslum ekki getað stofnast fyrir hefð eftir gildistöku nefndra laga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna né sérreglu sem fram kemur í 12. gr. laganna. Vekur stefnandi sérstaka athygli á því að fyrir gildistöku hefðarlaga var ekki unnt að stofna til eignarréttar að fasteign á grundvelli hefðar og vísar hann í þeim efnum til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 379/2009. Þá liggja fyrir fjöldi dóma Hæstaréttar Íslands þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot duga ekki ein og sér til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða og vísar hann í dæmaskyni til dóma Hæstaréttar í málum nr. 7/1955, nr. 199/1978, nr. 66/1996 og nr. 67/1996.

Stefndi segir málsástæðu stefnenda um venju ekki eiga við rök að styðjast. Stefndi vísar til þess sem áður er rakið um hefð og að viðskiptavenja ein og sér nægi ekki til stofnunar beins eignarréttar. Stefndi mótmælir því að líta beri til þeirrar meginreglu að sá sem vefengir þinglýstar eignarheimildir beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni enda liggja ekki fyrir þinglýst eignarheimild stefnenda að Forsæludalskvíslum. Auk þess sem landamerkjabréf fyrir Forsæludal og Þórormstungu vísa eingöngu til þess að jarðirnar eigi upprekstur á Dalskvíslar og benda því ekki til þess að svæðið sé eignarland.

Stefndi kveður ríkisvaldið ekki hafa viðurkennt að þrætusvæðið sé háð beinum eignarrétti og vísan stefnenda til athugasemdalausra þinglýsingar skjala komi þeim ekki að gagni. Fyrir utan það sem áður hefur verið bent á að þinglýst skjöl styðji í raun ekki beinan eignarrétt að Forsæludalskvíslum verði að horfa til þess að fyrir gildistöku þjóðlendlaga hafi enginn getað haldið uppi vörnum fyrir eigendalaus svæði. Í öllum tilvikum verði að sýna fram á hvernig til beins eignarréttar var stofnað í öndverðu. Stefndi byggir á því að stefnendur verði að sanna þann beina eignarrétt sem þeir segjast eiga og í því sambandi hafi enga þýðingu þótt gengið hafi verið út frá því að merkjum landsvæðisins sé rétt lýst.

Hvað varakröfur stefnenda varðar er það mat stefnda að þær kunni að vera vanreifðar og því geti verið rétt að vísa þeim frá dómi án kröfu en í stefnu sé ekki gerð grein fyrir málsástæðum stefnenda hvað þessar kröfur varðar. Þá bendir stefndi á að ekki verði séð að stefnendur hafi gert þessar kröfur fyrir óbyggðanefnd, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1998 og 1. mgr. 14. gr. sömu laga. Í þessu sambandi vísar stefndi til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 24/2014.

Hvað lagarök varðar vísar stefndi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda og afrétta nr. 58/1998, laga um hefð nr. 14/1905, laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig til almennra reglna eignarréttar, þar á meðal reglna um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, sem og almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Þá vísar stefnandi og til ýmissa reglna Grágáasar og Jónsbókar er lúta að eignarrétti. Krafa um málskostnað úr hendi stefnenda er aðallega reist á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu krefjast stefnendur þess að úrskurður óbyggðanefndar varðandi landsvæði það sem kallað hefur verið Forsæludalskvíslar verði felldur úr gildi og gera stefnendur kröfu um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þeirra á svæðinu. Ekki er ágreiningur milli aðila um afmörkun svæðisins.

Af Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði og verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af frásögnum sem þar er að finna. Þegar horft er til staðhátta, fjarlægða frá sjó og aðliggjandi jarða verður þó að telja líklegt að svæðið hafi a.m.k. verið numið að hluta. Líkt og endranær verður við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins að skoða hvernig það birtist í sögulegum heimildum. Almennt skiptir miklu máli hvort landsvæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð

samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þar skiptir miklu hvort landamerkjabréf hafi verið gert fyrir svæðið en slík bréf hafa bæði verið gerð fyrir einstakar jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti. Þá kann að vera að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum.

Óumdeilt er að við gildistöku Þjóðlendulaga hafði hið umþrætta svæði stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hins vegar ræður sú flokkun ekki úrslitum um það hvort svæðið var háð beinum eignarrétti eða ekki. Verður því að ákveða hvort landið var áður háð beinum eignarrétti og þá sem hluti jarðarinnar Forsæludals.

Sögu Forsæludalskvísla og heimilda um þær eru gerð skil hér að framan og af þeim má ráða að þeirra er víða getið sem hluta Forsæludals, gjarnan með þeim hætti að jörðinni fylgi afréttar- eða heiðarland.

Líkt og áður er getið verður af Landnámu ekki ráðið hvort landsvæðið var numið í öndverðu. Elsta heimild um Forsæludalskvíslar er dómur frá 1536 en tilefni hans var kæra vegna þess að bændur vildu ekki reka fé sitt á Dalsheiði og ekki greiða toll. Dæmt var að skylt væri að reka á heiðina og greiða toll.

Árið 1583 gekk aftur dómur um rekstur á Dalsheiði og þar kveðið á um að tollar af rekstri á heiðina tilheyrðu Forsæludal sem þá var í eigu konungs og hluti svokallaðra Vatnsdalsjarða.

Forsæludalur var síðan í eigu konungs í um 250 ár en Bjarni Steindórsson í Þórormstungu eignaðist Forsæludal þegar Vatnsdalsjarðir voru boðnar upp 1804 og átti hann þá báðar jarðirnar. Bjarni lögfesti á árinu 1806 eignarjörð sína Þórormstungu en ekki verður annað ráðið en að lögfestan taki einnig til Forsæludals og Forsæludalskvísla án nokkurrar aðgreiningar. Þremur árum síðar lögfesti Bjarni báðar jarðir sínar og lýsir merkjum þeirra og Forsæludalskvísla án þess að greint sé á milli jarðanna eða Forsæludalskvísla heldur er öllu svæðinu lýst sem einni heild. Lögfestur Bjarna eru einu heimildirnar sem lýsa merkjum Forsæludalskvísla og verður við það að miða, líkt og gert var í úrskurði óbyggðanefndar, að þær hafi náð suður að upptökum Fellakvíslar að austanverðu og að upptökum Ströngukvíslar að vestanverðu.

Bjarni Steindórsson kvartaði á manntalsþingi 1810 yfir skaða sem hann sagði heiðarland sitt, Kvíslar, verða fyrir af fólki sem fari til grasa. Á næsta ári var lesin ályktun sýslumanns á manntalsþingi þar sem ákveðinn var tollur fyrir grastekju og aðra notkun á landareign Bjarna, kallað Dalskvíslar.

Snemma árs 1820 skipti Bjarni síðan heiðarlandinu sem tilheyrði jörðum hans, kallað Dalskvíslir, milli jarða sinna þannig að 4/9 hlutar tilheyrðu Þórormstungu og 5/9 hlutar Forsæludal og Dalkoti. Ekki er vikið að merkjum jarðanna í þessum gerningi. Á árinu 1857 auglýsa Björn Guðmundsson í Þórormstungu og Brynjólfur Brynjólfsson heiðarlandið Dalskvíslar til sölu til upptöku nýbýlis. Ári síðar auglýsir Brynjólfur í nafni þeirra beggja að þeir kjósi frekar að leigja landið en selja. Björn Eysteinnsson eignaðist Forsæludal og þá 5/9 hluta heiðarlandsins sem fylgdu jörðinni árið 1882. Seinna keypti hann svo 4/9 hluta Þórormstungu í Forsæludalskvíslum. Enn síðar seldi hann Forsæludal en hélt öllu heiðarlandinu eftir. Af gögnum málsins má ráða að gert var sérstakt afsal fyrir Forsæludalskvíslar, dagsett 14. janúar 1882. Það skjal hefur hins vegar ekki fundist og ekki heldur afsalið sem Björn gaf út þegar hann seldi Forsæludal. Af þessum sökum liggur ekki fyrir hvort eða með hvaða hætti merkjum Forsæludalskvísla var lýst í afsalinu til Björns.

Áður er vikið að því að elstu heimildir fyrir lýsingu merkja Forsæludalskvísla eru tvær lögfestur Bjarna Steindórssonar frá 1806 og 1809 og verður við úrlausn málsins lagt til grundvallar að merki Forsæludalskvísla séu þau sem þar er lýst og reynir því á hvaða eignarréttarlegt tilkall verði byggt á lögfestunum. Fyrir liggur að dómstólar og óbyggðanefnd hafa lagt minna upp úr lögfestum en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargagna um tilvist beins eignarréttar. Í máli þessu er til staðar landamerkjabréf frá 1985 sem byggist að því er best verður séð á lýsingu landamerkja eins og þeim er lýst í lögfestunum hvað varðar merki Forsæludalskvísla að austan, vestan og sunnan. Að mati dómsins hefur landamerkjabréf þetta lítið vægi við úrlausn málsins.

Við mat á því hvort lögfestur Bjarna Steindórssonar geti ráðið úrslitum um eignarréttarlega stöðu þrætusvæðisins verður að skoða þau atriði sem styðja innihald þeirra. Í heimildum er Forsæludalskvísla oftast getið sem afréttar eða heiðarlands sem nýtt hafi verið til beitar, grastekju og annarra takmarkaðra nota enda var land sem þetta ekki nýtt til annars fyrr á öldum. Þegar horft er til þess hversu langt til suðurs

upp á hálandið svæðið nær verður að telja harla ólíklegt að það hafi allt verið numið í öndverðu. Áður er vikið að því að takmarkaða lýsingu á landnámi á svæðinu er að finna í Landnámu en þar er því lýst að Friðmundur hafi numið Forsæludal en ekkert um það ritað hversu langt inn til landsins landnámið náði. Loks verður af lögfestunum ráðið að í þeim er verið að lýsa óbeinum eignarréttindum innan merkja þeirra. Að teknu tilliti til þessa svo og atriða eins og staðhátta, gróðurfars og fjarlægðar frá byggð er það niðurstaða dómsins að lögfestur Bjarna Steindórssonar og síðar landamerkjabréf á þeim reist veiti ekki næga sönnun fyrir beinum eignarrétti stefnenda að öllu þrætusvæðinu og verður aðalkrafa þeirra ekki tekin til greina á þeim grunni að stefnendur hafi fært fram sönnun fyrir beinum eignarréttindum sínum.

Stefnendur byggja einnig á því að þeir hafi eignast landið fyrir hefð. Ekkert liggur fyrir í málinu um að umráðum þrætusvæðisins hafi verið þannig háttað að stefnendur hafi fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Verður því ekki fallist á með stefnendum að stofnast hafi beinn eignarréttur þeirra fyrir hefð eftir gildistöku nefndra laga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna né sérreglu 12. gr. laganna. Í þessu sambandi ber og að vísa til þess að fyrir liggur fjöldi dóma Hæstaréttar Íslands þar sem því er slegið föstu að hefðbundin afréttarnot, sumarbeit og önnur takmörkuð notkun, dugi ekki ein og sér til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Þá leiða sjónarmið stefnenda um venju ekki til annarrar niðurstöðu.

Hvað varðar varakröfur stefnenda þá er að því vikið í greinargerð stefnda að rétt kunni að vera að vísa þeim frá dómi án kröfu og í því sambandi vísað til þess að á skorti að vísað sé til málsástæðna þeim til stuðnings og þá hafi stefnendur ekki haft þessar kröfur uppi fyrir óbyggðanefnd. Að mati dómsins liggur ljóst fyrir að varakröfur stefnenda rúmast innan kröfugerðar þeirra og ljóst að þær eru byggðar á sömu sjónarmiðum og aðalkrafa þeirra. Þrautavarakrafan er síðan að auki studd við búsetu á Réttarhóli og stofnun nýbýlis þar. Dómurinn telur ekki ástæðu til að vísa þessum kröfum frá dómi án kröfu enda verður ekki séð að þær séu svo óskýrar eða órökstuddar að stefndi hafi átt erfitt með að verjast þeim.

Varakröfu stefnenda er hafnað með sömu rökum og aðalkröfu þeirra enda hún reist á sömu málsástæðum og aðalkrafan.

Þrautavarakrafa stefnenda er, að frátöldum sömu sjónarmiðum og aðalkrafa, reist á því að á Réttarhóli hafi verið stofnað nýbýli með ákveðnum landamerkjum sem krafa þeirra tekur mið af. Svæðið sem þessi varakrafa miðast við er nyrst á þrætusvæðinu og afmarkast af línu sem dregin er úr Áfangafelli í Stóra stein við Miðkvísl og Miðkvísl síðan fylgt þar til hún fellur í Vatnsdalsá. Krafan er dregin inn á kort sem er meðal gagna málsins og þar má sjá að austurmörkin miðast við Fellakvísl. Við vettvangsferð mátti glögglega sjá að svæðið er í dag vel grasi gróið.

Að framan er því lýst hvernig það kom til að Björn Eysteinnsson flutti að Réttarhóli og reisti sér bæ og bjó þar frá 1886 til 1890. Stefndi hefur gert þau rök sem fram koma í úrskurði óbyggðanefndar varðandi stofnun nýbýlis að Réttarhóli að sínum. Þar er vísað til þess að gögn bendi til þess að bréfaskriftum sýslumanns og amtmanns verði ráðið að verið væri að stofna nýbýli á grundvelli 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar, sem átti við um stofnun nýbýla í afréttarlöndum en ekki í eignarlöndum annarra. Björn Eysteinnsson keypti á sínum tíma, 14. janúar 1882, Forsæludalskvíslar sem eftir það tilheyrðu ekki Forsæludal og Þóroormstungu líkt og þær höfðu gert. Að tilskipan amtmanns var haldin áreið á Réttarhól sem fram fór 26. ágúst 1889. Þar framvísaði Björn heimildarskjali sínu til landsins. Við áreiðina var Birni úthlutað landi til upptöku nýbýlisins Réttarhóls og miðast þrautavarakrafa stefnanda við merkjalýsingu nýbýlisins í áreiðarskjalinu. Nýbyggingarbréf var gefið út sama ár en það skjal hefur ekki fundist frekar en heimildarskjal Björns. Hins vegar verður að ganga út frá því að þessi skjöl hafi verið útbúin. Þá hafa ekki fundist heimildir um að byggingarbréfinu hafi verið þinglýst en slíkt var skylt samkvæmt 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Á þeim tíma sem byggingarbréfið var gefið út var einnig í gildi tilskipun frá 24. apríl 1833 um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi. Samkvæmt þeirri tilskipun bar að láta þinglýsa skjali sem þessu. Skylda til þinglýsingar skjalsins hvíldi samkvæmt báðum tilskipunum á Birni.

Af hálfu stefnda er á því byggt að vegna þess að skjalinu var ekki þinglýst séu ekki efni til að viðurkenna fullnaða stofnun nýbýlis á Réttarhóli og því geti stefnendur ekki gert eignarréttarlegt tilkall til landsins á grunni stofnunar nýbýlis þar.

Við úrlausn á þrautavarakröfu stefnenda má horfa til þess að í raun var stofnað nýbýli á Réttarhóli með tilgreindum landamerkjum þrátt fyrir að allar líkur séu á því að til fullnaðrar stofnunar, í skilningi

nýbýlatilskipunarinnar, hafi ekki komið þar sem byggingarbréfi var ekki þinglýst. Byggingarbréfið hefur ekki fundist en hverju er um að kenna liggur ekki fyrir. Gögn málsins benda til þess sýslumaður hafi, með bréfi dagsettu 29. október 1889, sent Birni byggingarbréfið en hvort eða hvenær það barst honum er óvitað. Hins vegar liggur fyrir að rétt rúmu ári eftir að sýslumaður sendi Birni bréfið seldi hann fjórum nafngreindum hreppum Dalskvíslarland og var því einungis eitt manntalsþing til þinglýsingar á milli þess að bréfið var sent Birni þar til hann seldi landið. Eftir söluna var ástæðulaust fyrir Björn að hlutast til um þinglýsingu byggingarbréfs.

Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið, þess að landið sem Birni var úthlutað er í beinu framhaldi af landi Forsæludals en merkjum þess er oftast lýst þannig en ekki sem sérstöku svæði, ásamt því að það er og var vel gróið og hefur að öllum líkindum um aldir tilheyrt Forsæludal, er það mat dómsins að rétt sé að fallast á þrautavarakröfu stefnenda þannig að innan þeirra marka sem þar er lýst sé landsvæði í eigu stefnenda og enga þjóðlendu þar að finna. Í þessu sambandi má einnig horfa til þess að óbyggðanefnd dregur norðurmörk afrettarlandsins, að því er virðist og án sérstaks rökstuðnings, eftir því hvernig suðurmörk Forsæludals eru ákveðin í landamerkjabréfi fyrir jörðina frá 1890. Ætla verður að í landamerkjabréfinu hafi suðurmörkin verið ákveðin eins og þeim var lýst í kaupbréfi Björns Eysteinsonar þegar hann keypti eða hélt Kvíslarlandi eftir þegar hann seldi Forsæludal.

Kröfu stefnenda um einkarétt til beitar, veiða, dýraveiða, hagnýtingar vatnsréttinda og nýtingar á auðlindum í jörðu án endurgjalds á öllu þrætusvæðinu ber að hafna. Slíkum kröfum hefur ítrekað verið hafnað með dómum Hæstaréttar Íslands auk þess sem stefnendur hafa ekki með nokkrum hætti sýnt fram á að þeir eigi þau réttindi sem þeir gera kröfu til.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Stefnendur nutu gjafsóknar og greiðist allur gjafsóknarkostnaður þeirra úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnenda, Sigurðar Jónssonar lögmanns. Með hliðsjón af umfangi málsins þykir þóknun lögmannsins hæfilega ákveðin 2.480.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda flutti mál þetta Indriði Þorkelsson lögmaður.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Felldur er úr gildi úrskurður óbyggðanefndar 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013 að því er varðar mörk eignarlanda og þjóðlendu innan Forsæludalskvísla sem afmarkast af línu sem dregin er úr Áfangafelli til Stóra steins við Miðkvísl, síðan er Miðkvísl fylgt til Vatnsdalsár. Að austan ræður Auðkúluheiði. Viðurkennt er að landsvæði þetta sé háð beinum eignarrétti stefnenda, sjálfeignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði/Haukagilsheiði.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda, þar með talin 2.480.000 króna málflutningsþóknun Sigurðar Jónssonar lögmanns þeirra, greiðist úr ríkissjóði.